



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. mars 2007 — 64. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

PRÍÐJUDAGUR

Stridsberg um Solanas

Sænska skáldkonan Sara Stridsberg hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna Drömfakulteten.



MENNING 24

Þjarmar að Tónlist.is

Bubbi Morthens er ósáttur við greiðslukerfið á Tónlist.is og krefst breytinga.



FÓLK 34

Glaður kennari

„Mikilvægast hlýtur að vera að rífa upp fyrir hverja skólarnir eru. Þeir eru fyrir nemendur. Þess vegna er öll umræða um vinnutíma kennara til dæmis út í hött,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18


Stórleikur á Anfield

Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona eru mættir til Liverpool þar sem þeir mæta heimamönnum í kvöld.



ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST NORÐVESTAN TIL
Í dag verður norðaustan 15-20 m/s á landinu norðvestanverðu og á annesjum nyrðra. Hægari vindur annars staðar. Rigning eða skúrir en úrkomulítið sunnan til. Hiti 1-7 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Tíu grafir fundust í kjallara íbúðarhúss í Hróarstungu

Kirkjugarður fannst í kjallara bæjarins Rangá í Hróarstungu á Héraði. Þrjár hauskúpur hafa komið í ljós. Grafirnar eru minnst tíu. Þær verða rannsakaðar í sumar. Ábúandinn finnur aðeins fyrir góðum öndum.

FORNLEIFAR Kirkjugarður sem talinn er frá miðöldum fannst í kjallara íbúðarhússins á Rangá í Hróarstungu á Héraði.

Að sögn Ingu Sóleyjar Kristjónsdóttur, minjavarðar Austurlands, eru útlínur að minnsta kosti tíu grafa í moldargólfinu í kjallara hússins. Þrjár hauskúpur eru komnar í ljós en Inga segir frekari uppgröft bíða sumars.

Ábúandinn á Rangá, Soffía Benjamínsdóttir, segir að í fyrrasumar hafi fjölskyldan á bænum ætlað að steypa yfir moldargólf sem er í hluta kjallara hússins.

„Synir mínir voru að dýpka gólfíð til þess að auka lofthæðina og rákust þá á hauskúpu,“ segir hún.

Inga Sóley kom á staðinn og sá glitta í tvær hauskúpur í viðbót eftir að hafa hreinsað skán ofan af gólfinu. Síðan fundust fleiri mannabein og leifar af líkkistum.

„Hauskúpurnar eru mjög illa farnar og beinin eru morkin,“ segir minjavörðurinn.

Íbúðarhúsið á Rangá er eitt hundrað ára gamalt og eitt það fyrsta á þessum slóðum sem var steinsteypt. Að sögn Ingu og Soffíu eru til heimildir um að manna-

bein hafi fundist þegar húsið var byggt. Það virðist þó ekki hafa orðið til þess að bæjarstæðinu var breytt. „Þetta er dálítið sérstakt,“ segir Inga Sóley. „Húsið stendur akkúrat í miðjum kirkjugarðinum og árið 1915 fundust kuml hér við bæinn.“

Hauskúpurnar þrjár hafa ekki verið aldursgreindar en Inga Sóley segir að reynt verði að skera úr um aldur beinanna sem enn liggja undir gólfinu. Heimildir séu um að bænhus hafi verið á Rangá til forna. Hún telur kirkjugarðinn að minnsta kosti

frá sautjándu öld en hann sé líklegast frá miðöldum.

Soffía og annað heimilisfólk á Rangá, móðir hennar, synir og dóttir, kippa sér ekki upp við að vera með kirkjugarð niðri í kjallara þótt þau vildu helst halda framkvæmdunum áfram.

„Er þetta ekki í öðru hverju húsi? Einhvers staðar eru allir okkar fornmennt,“ segir Soffía. „Hér hef ég alltaf verið og liðið vel og þetta hefur ekki breytt neinu. Það eru margir á ferli hér en þetta er bara gott fólk og góðir andar.“

- gar



ÚTI Í GLUGGAVEÐRI Íbúar Hrafnistu í Reykjavík létu örlítinn kulda ekki á sig fá og nutu sólarinnar þegar ljósmyndara bar að garði í gær. Á Hrafnistuheimilinum búa um fimm hundruð og fimmtíu manns, þar af rúmlega þrjú hundruð í Reykjavík. Frá vinstri eru Kristinn Jóseppson, Fjóra Þorsteinsdóttir, Þorsteinn Hansson frá Ólafsvík og Eldjárn Magnússon.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Myndataka fyrir Vanity Fair:

DiCaprio kemur til landsins

FÓLK Stórleikarinn Leonardo DiCaprio er væntanlegur hingað til lands í dag. DiCaprio kemur ásamt ljósmyndara og tókuliði frá glanstímaritinu Vanity Fair.

DiCaprio fer út á land þar sem leikarinn verður meðal annars myndaður í íslensku landslagi. Hann verður hér í nokkra daga.

- fgg / sjá síðu 34

Lækkanir á mörkuðum:

Vísitölur tóku dýfu á ný

FJÁRMÁL Vísitölur á helstu fjármálamörkuðum í Evrópu lækkuðu í gær eftir að gengi bréfa í Asíu tók dýfu aðra vikuna í röð. Vísitölur lækkuðu mest í kauphöllinni í Tókýó um 3,34 prósent. Önnur eins lækkun hefur ekki sést síðan í júní í fyrra.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,68 prósent í Kauphöll Íslands. Gengi meirihluta bréfa í Kauphöllinni fór niður á við.

- jab

Borgaryfirvöld ætla að flytja þrjú svið undir eitt þak og selja fyrri húsnæði þeirra:

Selja eignir fyrir 1,2 milljarða

REYKJAVÍK Borgaryfirvöld stefna að því að flytja framkvæmdasvið, skipulags- og byggingasvið og umhverfissvið undir eitt og sama þak í Borgartúni 10-12. Í kjölfarið verða þær fasteignir sem hafa hýst þessa starfsemi seldar.

Þá kemur einnig til greina að flytja frekari starfsemi á vegum borgarinnar í hið nýja húsnæði, meðal annars Bílastæðasjóð.

Í drögum að kaupsamningi kemur fram að rekstrarfélagið Höfðatorg kaupi fasteignirnar fyrir sam-

tals 1.200 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að borgin leigi hið nýja húsnæði við Borgartún á tæpar þrettán milljónir króna á mánuði. Húsnæðið er byggt af verktakafyrirtækinu Eykt, en Eykt er jafnframt aðaleigandi rekstrarfélagsins Höfðatorgs.

Tillagan sem nú liggur fyrir borgarráði er sett fram þrátt fyrir að tekin hafi verið ákvörðun árið 2004 um að flytja starfsemi þessara sviða í sameiginlegt húsnæði að Lækjargötu 12.

- ghs / sjá síðu 4

Softub
Snjallasti potturinn á markaðnum?

Vortilboð
JÓN BERGSSON EHF.
Kletthálsi 15 110 Rvk S: 588 8886
www.JonBergsson.is

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN
Perlunni 1. - 11. mars
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

Þú finnur alltaf réttu bókina!

HEIMINGURINN BURT!
VERÐHRUN!
LEKKUN VSK

DELTA LIGHT

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

SPURNING DAGSINS



Ómar, verður þetta framboð frjálslýndra Stuðmanna?

„Ef þetta gengur upp verður þetta framboð stuðfólksins með hugsjónirnar.“

Margrét Sverrisdóttir, fyrrum frjálslýnd, og Jakob Frimann Magnússon Stuðmaður hafa verið kennð við nýtt framboð til Alþingis í vor. Ómar Ragnarsson er einn forsvarsmanna framboðsins, sem ekki hefur hlotið nafn.

Ríkisútvarpið ohf. var formlega stofnað í gær:

Eflir Ríkisútvarpið

FJÖLMIDLAR Ríkisútvarpið ohf. var formlega stofnað í gær á fundi í Þjóðmenningarhúsinu. „Þetta eru merk tímamót og það er vafalaust í mínum huga að þessi breyting á eftir að efla Ríkisútvarpið til mikilla muna,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í ávarpi sínu við upphaf fundarins í gær.

Sagði hún helsta markmiðið með stofnun félagsins vera að treysta stöðu ríkisútvarps á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði og styrkja stöðu þess sem almanna-hlutafélags.

Á fundinum var ný stjórn kynnt en í henni sitja Kristín Edwald,

Ómar Benediktsson, Jón Ásgeir Sigurðsson, Páll Magnússon og Svanhildur Kaaber. Ómar er stjórnarformaður félagsins.

Frá því var greint að hlutfé félagsins væri tæpar 840 milljónir króna. Það er það eigið fé sem getið er í skýrslu sérfræðinga-nefndar vegna hlutfélagsins að teknu tilliti til endurmats á eignum félagsins og niðurfellingu skulda við ríkissjóð. Nefndarstarfinu stýrði Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi en skýrslan var fullunnin í fyrra. Lögum samkvæmt tekur hlutfélagið formlega til starfa um næstu mánaðamót, það er 1. apríl.

- mh



FRÁ FUNDINUM Páll Magnússon, Ómar Benediktsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjást hér ræða saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lést í umferðarslysi í Hörgárdal

Maðurinn sem lést í umferðarslysi í Hörgárdal aðfaranótt síðasta sunnudags hét Marcello Bruno La Fata. Hann var fæddur 9. júní 1968 og var til heimilis á Grettisgötu 43 í Reykjavík.

Hann var ítalskur ríkisborgari en hefur verið búsettur hér á landi í nokkur ár. Hann var ókvæntur en lætur eftir sig einn son hér á landi.

Ölvað og viðskotail: Hótaði lögreglumönnum

LÖGREGLUMÁL Tilkynning barst til Neyðarlínu í fyrrinótt vegna bifreiðar sem var utan vegar við Þingborg í Flóa. Sjúkralið og lögregla frá Selfossi fóru á staðinn og reyndist ókumaður, kona um fertugt, óslasaður. Lögregla segir konuna hafa verið nokkuð við skál og afar viðskotaila. Hafði hún í hótunum um að skaða lögreglu og sjúkraflutningamenn og fjölskyldur þeirra.

Lögregla segir konuna ekki eiga sakarferil að baki og furðar sig á viðbrögðum hennar. Konan var ekki í betra skapi eftir vist á lögreglustöðinni og endaði heimsóknin á því að hún óskaði eftir vatni og hrækti í áttina að varðstjóranum, sem færði henni glasið, í kveðjuskyni.

- kdk

AUSTURRÍKI

Árekstur í lofti

Þyrla og lítill flugvél rákust saman í lofti og brotlent nærri skíðabrekku í Austurríki í gærmorgun. Allir sem voru um borð í báðum flugförunum létust, sjö í þyrlunni og einn í flugvélinni.

Sala stinningarlyfja hefur aukist mikið

Í fyrra voru seldir um 185 þúsund skammtar af stinningarlyfjum hér á landi. Salan hefur aukist um 28 prósent á tveimur árum. Fleiri mættu leita sér hjálpar segir umboðsaðili Cialis. Fáir fylgikvillar sem fylgja notkuninni að sögn læknis.

LYFIAMÁL Sala á stinningarlyfjum hér á landi hefur aukist um tæplega 28 prósent á síðustu tveimur árum. Þrjár gerðir slíkra lyfja með svipaða virkni hafa verið á markaði á þeim tíma; Viagra, Cialis og Levitra, en það síðastnefnda er ekki fáanlegt lengur.

Árið 2004 seldust alls 144.796 áætlaðir dagskammtar af lyfjunum. Í fyrra hafði salan aukist umtalsvert og fjöldi seldra skammta var 184.660 á því ári. Ólafur Adolfsson, lyfjafræðingur hjá umboðsaðila Cialis, segir það alveg augljóst í sínum huga hvað valdi þessari söluaukningu. „Það er fyrst og fremst það að fleiri eru að leita sér hjálpar við þessu vandamáli. Samt sem áður eru allt of margir þarna úti sem þurfa virkilega að aðstoð að halda en bera sig ekki eftir henni. Á meðan rístruflanir eru enn feimismál munu þeir ekki gera neitt í sínum málum.“

Haraldur Þorsteinsson, markaðsfulltrúi umboðsaðila Viagra á Íslandi, tekur í sama streng. „Það eru verulega margir sem eiga við stinningarvandamál að stríða sem eru ekki búnir að fá lausn sinna mála. Þó fjöldi manna fái nú þegar meðferð við þessu vandamáli eru enn margir sem hafa ekki leitað eftir henni. En þessi lyf virka ljómandi vel á mjög stóran hóp sjúklinga.“

Virkni stinningarlyfjanna er beint að smáæðum í getnaðarlim karlanna. Þegar ris verður eykst blóðflæði til limsins og þá þurfa smáæðarnar að víkka um helming. Lyfin hjálpa til við það með því að minnka niðurbrot



STINNINGARLYF Sala á Viagra og öðrum sambærilegum lyfjum hefur aukist um tæpan þriðjung á síðustu tveimur árum. Landsmenn keyptu tæplega 200 þúsund áætlaða dagskammta á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

æðavíkkandi efna sem myndast við kynferðislega örvun.

Að sögn Guðmundar Vikars Einarssonar, læknis á þvagfæra-skurðeild Landspítala - háskóla-sjúkrahúss, fylgja lyfjunum ekki alvarlegir fylgikvillar. „Það geta komið upp óþægindi samfara því

SELDIR DAGSKAMMTAR Á TÍMABILINU 2004 TIL 2006

Þrjár tegundir af stinningarlyfjum hafa verið til sölu á markaði hérlandis. Levitra hefur ekki verið fáanlegt frá árinu 2005.

	2004	2005	2006
Cialis	45.696	66.340	86.188
Viagra	91.214	93.082	98.472
Levitra	7.886	1.764	0
Samtals:	144.796	161.186	184.660

thordur@frettabladid.is

að lyfið er í verkun. Hiti upp í höfuð, höfuðverkur, óþægindi í maga eða nefrennsli. En þetta eru allt fylgikvillar sem ganga tilbaka.“

Hann segir ákveðna hópa þó ekki geta notað lyfið. „Það eru fyrst og fremst hjartasjúklingar sem eru að taka nitróglýserínlyf, eða svokallaðar sprengitöflur. Það er ákveðin hættu samfara því að taka inn þannig efni og stinningarlyfin því þá getur blóðþrýstingur fallið og það getur haft áhrif á hjartastarfsemina. Þá ættu menn með mjög alvarlega hjartasjúkdóma að fara varlega í þessu eins og öðru. Að öðru leyti eru ekki nein alvarleg takmörk á notkun.“

Reykjavík og Kópavogur: Ræða saman um Heiðmörk

UMHVERFISMÁL Viðræður standa yfir milli ráðamanna í Reykjavík og Kópavogi um hvernig megj leysa Heiðmerkurdeiluna.

„Málið er í vinnslu,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar og formaður skipulagsráðs. „Við erum í þessum viðræðum með hagsmuni svæðisins að leiðarljósi. Til að umhverfið nái sér er það algjört lykilatriði að það sé reynt að leysa þetta mál og svæðið standi ekki lengur opið en nauðsynlegt er,“ segir Hanna.

Rúmlega þrjár vikur eru liðnar síðan Reykjavíkurborg stöðvaði framkvæmdir Kópavogsbæjar í Heiðmörk.

- kóp

Þorgerður Katrín: Ósammála Sigurði Kára

STJÓRNAMÁL „Ég er ósammála honum [Sigurður Kára Kristjáns-soni] í þessu og tel að hún [Siv Friðleifsdóttir] eigi ekki að segja af sér,“ sagði Þorgerður

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir eftir fund varaformanna og formanna stjórnarflokka-anna í gær.

Sigurður Kári Kristjáns-son, þingmaður Sjálfstæðis-flokksins, lét þau orð falla í sjónvarpsþættinum Silfur Egils á Stöð 2 á sunnudag að honum myndist að Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra ætti að segja af sér, fyrir að hafa lýst þeirri skoðun sinni að það gæti komið til stjórnarslita ef auðlindaákvæði yrði ekki komið í stjórnarskrána fyrir kosningar, líkt og stjórnarsáttmálin gerir ráð fyrir.

- mh



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

BÍLL DAGSINS SUBARU IMPREZA GX

Nýskr. 08.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 75 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Hundruð manna mótmæltu á Norðurbrú:

Ungdomshuset rífið

DANMÖRK Fleiri hundruð manns mótmæltu niðurrífi Ungdomshuset á Norðurbrú sem hófst í gærmorgun. Verkamenn sem störfuðu við niðurrífið huldu andlit sín til að þekkja ekki.

„Þetta er okkar hús, burt með fingurna,“ hrópaði fólknið að því er fréttavefur Politiken greindi frá. Lögreglan bjóst ekki við að mótmælarnir myndu fara úr böndunum en var með mikinn viðbúnað til öryggis.

Meira en 650 manns hafa verið handteknir frá því að lögregla rýmdi húsið að morgni 1. mars og 25 manns hafa særst.

- sdg

NIÐURRIF Trúfélagið sem keypti húsið af borginni árið 2001 segist ætla að reisa trúarlega menningarmiðstöð á reitnum.

NORDICPHOTOS/AFP



Hafniríðingar 67 ára og eldri: Fá frítt í strætó, í sund og á söfn

FÉLAGSMÁL Vildarkort fyrir Hafniríðinga 67 ára og eldri var kynnt í Byggðasafni Hafnarfjarðar í gær.

Kortið veitir handhafa ókeypis strætóferðir, niðurgreiðslu á þátttökugjöldum í líkamsrækt og aðgang að öllum söfnum og sundlaugum bæjarins.

Um leið og kortið var kynnt skrifaði Lúðvík Geirsson bæjarstjóri undir samninga við íþrótt- og tómstundabandalög bæjarins, sem og líkamsræktarstöðvar í bænum.

Í samningunum er kveðið á um að bærin taki að sér að greiða niður þátttökugjald hjá 67 ára og eldri á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrir yngri bæjarbúa.

- sps



Hversu oft hefur þú hugsað um þessa?

Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað tynast innan um allar hinar. Hún er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,48	68,8
Sterlingspund	131,62	132,26
Evra	89,84	90,34
Dönsk króna	12,057	12,127
Norsk króna	10,986	11,05
Sænsk króna	9,617	9,673
Japanskt jen	0,5936	0,597
<hr/>		
SDR	102,88	103,5
<hr/>		
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
122,9212		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Rússland gagnrýnir fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna í Evrópu:

Spenna vegna eldflaugavarna

MOSKVA, AP Stjórnvöld og yfirmenn hersins í Rússlandi hafa harðlega gagnrýnt áætlanir Bandaríkjanna um að setja upp eldflaugavarnakerfi í Evrópu.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum segja þetta hugsað til að verjast mögulegri árás frá löndum á borð við Íran og beinist alls ekki að Rússlandi.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, segist hins vegar ekki treysta því og hefur hótad að Rússland muni grípa til gagnaðgerða.

Haft var eftir háttsettum hershöfðingja í fjölmiðlum í gær að rússneski flugherinn muni auð-



VLADÍMÍR PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI Segist ekki treysta fullyrðingum bandarískra stjórnvalda um að eldflaugavörnum sé ekki beint gegn Rússlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

veldlega getað grandað eldflaugavörnum Bandaríkjanna í Evrópu.

Nokkrar þjóðir Evrópusambandsins, þar á meðal Frakkar,

hafa lýst áhyggjum yfir því að uppsetning á eldflaugavarnakerfinu geti skaðað samskiptin milli Evrópu og Rússlands.

Utanríkisráðherra Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, kallaði í gær eftir viðræðum meðal þjóða Evrópusambandsins, Atlantshafsbandalagsins og Rússlands varðandi fyrirhugaðar eldflaugavarnir. Þýskaland situr nú í forsæti Evrópusambandsins.

Bandarísk stjórnvöld hafa átt í viðræðum við Tékkland, Pólland og Bretland um að eldflaugavarnir verði settar þar upp þar á landi.

- sdg

Kom illa leikinn á bensinstöð:

Segir menn hafa rænt sig

LÖGREGLUMÁL Karlmaður leitaði aðstoðar á bensinstöð á laugardagskvöldið. Hann var með töluverða áverka, meðal annars nefbrotinn og með stóran skurð á höfði og voru lögreglu- og sjúkraflutningamenn kallaðir til.

Maðurinn, sem er erlendir verkamaður, segir fimm menn hafa ráðist á sig og rænt sig sjötu þúsund krónum. Telur hann að árásarmennirnir hafi verið pólskir. Frásögn mannsins er eitthvað á reiki og segir lögreglan að ekki sé hægt að útiloka að um sly hafi verið að ræða. Lögregla leitar árásarmannanna.

- kdk

Samkeppniseftirlitið: Rannsókn á Visa gengur vel

SAMKEPPNI Rannsókn Samkeppniseftirlits á Visa Íslandi vegna gruns um brot á bannlögum samkeppnislaga miðar vel áfram, að sögn Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Páll vill þó ekkert segja um hvenær niðurstöðu sé að vænta.

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Visa Íslandi 13. júní sl. Í kjölfar húsleitarinnar var tekið hús á Kreditkortum hf. og rannsókuð sérstaklega tölva framkvæmdastjórans. Einnig voru fundargerðir stjórnar Kreditkorta gerðar upptækar.

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins er byggð á kæranda sem nýtur nafnleyndar.

- kóp

För herdeildar Harrys til Íraks: Al-Kaída hótar Harry prins

BRETLAND Harry Bretaprins og herdeild hans hófu þjálfun í að verjast mannránsaðgerðum eftir að hótanir birtust á vefsíðum liðsmanna al-Kaída um að Harry yrði rænt og hann myrtur eftir að hann kemur til Íraks í maí.



HARRY BRETAPRINS

Götublaðið The Sun fékk sérfræðing til að rannsaka

vefsíður öfgamanna sem segir að svo virðist sem aukin spenna sé að myndast vegna komu Harrys.

Harry, sem er 22 ára gamall, er þriðji í röðinni að bresku krúnunni á eftir Karli föður sínum og Vilhjálmi bróður.

- sdg

Reykjavíkurborg selur fasteignir fyrir 1,2 milljarða

Stefnt er að því að selja fasteignir í eigu borgarinnar við Borgartún, Skúlatún og Hverfisgötu. Fasteignirnar eru seldar sama verktaka og reisir nýtt húsnæði fyrir starfsemina. Leigan verður 13 milljónir á mánuði.

REYKJAVÍK Borgaryfirvöld stefna að því að flytja framkvæmdasvið, skipulags- og byggingasvið og umhverfissvið allt undir eitt þak í Borgartúni 10-12 og selja fasteignirnar í Borgartúni 1, Borgartúni 3, Skúlatúni 2 og Hverfisgötu 14-14a þar sem þessi starfsemi hefur verið til húsa.

Samkvæmt drögum að kaupsamningi kaupir rekstrarfélagið Höfðatorg fasteignirnar fjórar fyrir samtals 1.200 milljónir króna. Borgin leigir svo sjö þúsund fermetra húsnæði í Höfðatorgi númer 10-12 við Borgartún á tæpar þrettán milljónir króna á mánuði.

Eykt byggir húsnæðið sem afhendist 1. október 2007, en Eykt er jafnframt aðaleigandi rekstrarfélagsins Höfðatorgs.

Í greinargerð til borgarráðs segir Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, að húsnæðismál skipulags- og byggingasviðs verði að bæta þar sem verulega þrengi að því við Borgartún 3. Umhverfissvið sé í leiguhúsnæði við Skúlagötu og samningurinn renni út fljótlega. Húsnæðismál framkvæmdasviðs í Skúlatúni 2 séu hins vegar í ágætu lagi.

„Verulegt hagræði er að því að koma þessum þremur sviðum fyrir undir sama þaki. Þar að auki hefur verið lagt til að Upplýsinga- og tæknimiðstöð borgarinnar sem nú er til húsa í Borgartúni 1 verði með í nýju húsnæði,“ segir þar.

Til greina kemur að smáver í Hafnarstræti verði flutt á sama stað og að Bílastæðasjóður, sem nú er til húsa á Hverfisgötu, verði einnig í sameiginlegu húsnæði. Þá þykir koma til greina að þjónustu-



HVERFISGATA 14 Stefnt er að því að selja Hverfisgötu 14 og 14a sem eru bílastæðin á bak við. Bílastæðasjóður er hér til húsa.



BORGARTÚN 1 Ýmsar skrifstofur eru til húsa í Borgartúni 1 en hér var til dæmis áður Vinnumiðlun Reykjavíkur.

miðstöð Miðbæjar og Hlíða flytjist í þetta nýja húsnæði.

Tillagan nú liggur fyrir borgarráði þó að fyrir liggja ákvörðun frá árunum 2004 um að flytja starfsemi þessara sviða í Lækjargötu 12. Flutningi í Höfðatorg var þá hafnað. Í greinargerðinni segir Hrólfur að sá kostur komi ekki til greina lengur af ýmsum ástæðum.

„Við skipulagsvinnu á lóðinni hefur húsið minnkað nokkuð og er það ekki talið nógu stórt lengur til að hýsa þessi þrjú svið. Enn fremur hafa tillögur um að önnur starfsemi flytjist einnig í sama hús aukid enn frekar húsnæðisþörfina.“

ghs@frettabladid.is



STEFNT AÐ FLUTNINGI Í HÖFÐATORG Lagt er til í borgarráði að flytja þrjú helstu svið borgarinnar undir eitt þak að Borgartúni 10-12 í Reykjavík og selja fasteignir. Rekstrarfélagið Höfðatorg kaupir fasteignirnar á 1,2 milljarða. Leigan verður tæpar 13 milljónir á mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BORGARTÚN 3 Skipulags- og byggingasvið er til húsa í Borgartúni 3 og þrengir að því.



SKÚLATÚN 2 Húsnæðismál framkvæmdasviðs, sem er til húsa í Skúlatúni 2, eru í ágætu lagi.

Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná frekari skilningi og færni í bókhaldi.

Helstu kennslugreinar:

- Upprifjun á fjárhagsbókhaldi, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur.
- Launabókhald, launamiðar, launaframtöl og skil til skatts.
- Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda. Lestur ársreikninga.

Kennsla hefst 8. mars og lýkur 27. mars.

Morgunnámskeið:

Mánudaga og fimmtudaga kl. 8.30-12.

Kvöldnámskeið:

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-21.30.

Lengd: 32 std. Verð kr. 36.000,-



TÖLVUSKÓLINN ÞEKING
 FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
 108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

LÆGDAGANGUR

Það er talsverður lægdagangur við og í kringum landið sem þýðir að hvort tveggja dregur úr og bætir í vind. Það þýðir líka að vindáttirnar eru breytilegar. Það bætir í vind á norðvestanverðu landinu í dag, einkum þó á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Hitinn verður aðeins yfir núllinu og því á ég von á að úrkoman verði í blautu formi þó að snjóað geti á heidum.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
 Norðaustan 5-8 m/s. Úrkomulítið. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C skúrir	London	13°C rigning	Alicante	19°C alskýjað
Þórshöfn	7°C skýjað	Paris	12°C skúrir	Mallorca	15°C léttskýjað
Oslo	2°C snjóél	Frankfurt	12°C alskýjað	Algarve	18°C heiðskirt
Stokkhólmur	2°C snjóél	Friedrichshafen	10°C alskýjað	Krit	18°C rigning
Gautaborg	4°C skúrir	Berlin	11°C alskýjað	Las Palmas	21°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Við komum þér til bjargar

Þú getur sofið áhyggjulaus því við erum til staðar fyrir þig hvenær sem þú þarft á okkur að halda. Þjónustuver okkar er opið allan sólarhringinn alla daga ársins svo hægt sé að leysa úr þínum vandamálum um leið og þau koma upp.

1414 - og vandamálið er úr sögunni

Gríptu augnablikið og lifðu núna

KJÖRKASSINN



Hefurðu fundið fyrir lækkun matvælavæðs?

Já	45%
Nei	55%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa í vor?

Segðu skoðun þína á visir.is



ORF líftækni og sveitarfélagið Skagafjörður í samstarf um ræktun á erfðabreyttu byggi:

Framleiða prótín úr byggi í Skagafirði

SKAGAFJÖRÐUR Líftækniyfirtækiað ORF og sveitarfélagið Skagafjörður undirrituðu í vikunni samkomulag um samstarf á sviði líftækni. ORF þykir hafa skipað sér í fremstu röð fyrirtækja í heiminum í sameindaræktun þar sem erfðabreytt bygg er notað við framleiðslu verðmætra prótína.

Björn Örvar, framkvæmdastjóri ORF, segir samkomulagið fela í sér að kannaðir verði kostir ræktunar á erfðabreyttu byggi og próteinfarmleiðslu úr því á afmörkuðu svæði í Skagafirði.

„Byggið hefur einstaka eiginleika við framleiðslu á verðmætum próteinum sem notuð eru í iðnaði,“

segir Björn. Hann segir ný prótein meðal annars nýtast til að fá sérstaka áferð á fót, við úrvinnslu matvæla og efnaiðnaðar.

„Það veitir ekki af því að skapa fjölbreytni í atvinnulífnum hér og margir spennandi möguleikar sem þessi tækni býður upp á. Til að mynda hefur verið í umræðunni að framleiða prótein sem gæti nýst við að bleikja pappír á mun umhverfisvænni hátt en með hefðbundnum aðferðum,“ segir Björn.

Þegar hafa verið gerðar tilraunir við framleiðslu á bygginu í Gunnarsholti en Skagafjörður þykir mjög ákjósanlegur fyrir frekari ræktun og framleiðslu.

- kdk



STARFSMENN ORF Erfðabreytt bygg og möguleikar á próteinfarmleiðslu úr því eru nú til athugunar hjá líftækniyfirtækinni ORF og sveitarfélagi Skagafjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Mörkinní 8 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is

BOÐEIND

Mörkinní 8 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is

TOLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is



Verð áður kr. 104.900,- / Almennt verð kr. 101.679,-
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-

Skjár: 15,4" WXGA Glare Type
Upplausn: 1280x800
Örgjörvi: Intel Pentium Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Hljóðkort: Intel High definition
Netkort: 10/100/1000 LAN - Þráðlaust 802.11 a/b/g
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixa & hljóðnemi
Helstu tengi: Kortalesari, 4x USB 2.0
1x FireWire, 1x S-Video, 56k modem
Stýrikerfi: Windows XP Professional - Vista uppfærsla frí með tölvunni á Asus.com
Rafhlaða: 8 Cellu, 4400mAh, 65WHr & hleðslutæki
Hugbúnaður: Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur Nero 6 skrifara- og Asus DVD hugbúnaður
Rapid Recovery - Endursetur tölvuna á nokkrum mínútum [Asus Director Pro - Media@show](mailto:Asus.Director.Pro-Media@show) - o.fl.

Fartölvutaska og mús fylgir frítt með

Asus Vintage
Örgjörvi: AMD 64bita 3500+ - socket AM2
Vinnsluminni: 1GB DDR2 PC667/Max:4GB
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16MB buffer - 7200rpm - vökvaegur
Hljóðkort: 6 rása með S/PDIF tengi
Netkort: 10/100/1000 LAN
Geisladrif: 16x DVD dual layer brennari/skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows Vista Home Basic
Lyklaborð/Mús: Logitech EX110 þráðlaust
Hugbúnaður: eTrust vírusvörn og Pest patrol vörn - Nero skrifarahugbúnaður
Open Office ritvinnsluhugbúnaður
Recovery PRO afritunarbúnaður

Verð áður kr. 84.900,- Almennt verð kr. 90.402,-
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Meðalgreiðsla kr. 3.274 miðað við 36 mánuði

Segir stjórnarsamstarfið ekki í hættu

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna segja stjórnarsamstarfið ekki í hættu þrátt fyrir skiptar skoðanir um auðlindaákvæði í stjórnarsáttmála. Forsætisráðherra segir mat Sigurðar Líndal, að ákvæðið sé merkingarlaust, athyglisverða kenningu.

STJÓRNMÁL Forsvarsmenn stjórnarflokkanna telja stjórnarsamstarf þeirra ekki í hættu þrátt fyrir deilur um auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Formenn og varaformenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, Geir H. Haarde, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jón Sigurðsson og Guðni Ágústsson, funduðu í gær um auðlindaákvæði í stjórnarsáttmálanum, en þar lýsir stjórnarmeirihluti flokkanna yfir vilja til að kveðið sé á um það í stjórnarskrá að „auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar“.

Geir H. Haarde sagði að loknum fundi „ekkert dramatískt“ vera í uppsiglingu. „Þessi fundur var löngu ákveðinn og við ræddum mörg mál, meðal annars um þau málefni [auðlindaákvæði í stjórnarsáttmálanum] sem hafa verið til umræðu að undanförunu. Við munum halda viðræðum okkar áfram um þessi málefni og stjórnarsamstarfið er alls ekki í neinni hættu.“

Guðni Ágústsson var ekki til-



GUÐNI OG JÓN KOMA Á FUNDINN Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, og Jón Sigurðsson, formaður flokksins, sjást hér koma til fundarins í gærmorgun, en hann fór fram í stjórnarráðshúsinu á Höfða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

búinn til þess að fjalla um það efnislega hvaða merkingu hann teldi ákvæðið hafa. „Ég ræði þetta innan ríkisstjórnarinnar og í Framsóknarflokknum,“ sagði Guðni skömmu áður en hann settist upp í bíl sinn að fundi loknum.

Haft var eftir Sigurði Líndal í Fréttablaðinu síðastliðinn sunnudag að hann teldi ákvæðið marklaust, eins og það væri fram sett, á þeirri forsendu að menn væru

„Ég ræði þetta innan ríkisstjórnarinnar og í Framsóknarflokknum.“

GUÐNI ÁGÚSTSSON
LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

að rugla saman eignarrétti og fullveldisrétti ríkisins. „Fullveldisrétturinn þýðir að löggjafinn, sem er Alþingi, getur ásamt forseta Íslands sett reglur um meðferð og nýtingu stofna á Íslandsmiðum. Þjóðin hefur formlega þennan fullveldisrétt þar sem hún kys löggjafann sem setur þær reglur,“ sagði Sigurður meðal annars. Jón Sigurðsson sagði öll málin sem um hefði verið rætt á fundinum vera í vinnslu. „Við vorum á reglulegum, og venjulegum, fundi um fjöldamörg mál eins og við gerum í hverri viku. Málin eru öll á trúnaðarstigi og við stefnum að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu.“

magnush@frettabladid.is

KENNING SIGURÐAR ATHYGLISVERÐ



Sigurður Líndal lagaprófessor heldur því fram að ákvæðið sé fullkomlega merkingarlaust ef það fer inn í stjórnarskrána eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum. Ertu sammála honum í því?

Geir H. Haarde: „Það er athyglisverð kenning.“

En ertu sammála honum eða ósammála í því að ákvæðið í stjórnarsáttmálanum hafi ekki neina merkingu, eins og það er sett fram?

Geir: „Ég ætla ekkert að svara því eða taka afstöðu til þess hér og nú.“

Stjórnarandstöðuflokkarnir tilbúnir að ganga til liðs við stjórnarflokkana:

Vilja leggja ríkisstjórninni lið

STJÓRNMÁL Stjórnarandstöðuflokkarnir eru tilbúnir til þess að greiða fyrir því að ákvæði um þjóðareign á auðlindum sjávar verði bundið í stjórnarskrá, líkt og fram kemur í sáttmála stjórnarflokkanna. „Við erum tilbúnir til þess að stíga þennan dans með stjórnarflokkunum. Með þessu skapast einstakt tækifæri til þess að vinna af krafti að framgangi þessa máls,“ sagði Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, á blaðamannafundi í Alþingishúsinu í gær.

Auk Össurar voru Guðjón Arnar Kristjánsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, og Steingrímur J. Sigfússon, þingflokksformaður Vinstri grænna, til svara á fundinum.

Steingrímur telur brýnt að ákvæðið nái fram að ganga. „Með þessari stjórnarskrárbreytingu yrðu lög sem þegar eru fyrir hendi, það er lög um stjórn fiskveiða og lög um hafsbottinn, fest í sessi. Sameignin yrði því stjórnarskrárvæð og það er að mati okkar stjórnarandstöðuflokkanna, og reyndar líka stjórnarflokkanna samkvæmt stjórnarsáttmálanum, afar mikilvægt skref.“



FRÁ FUNDINUM Þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna vilja leggja stjórninni lið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Steingrímur sagðist á fundinum vonast til þess að hægt væri að tengja breytingarnar við umhverfisverndarákvæði, sambærileg þeim sem tekin hafa verið inn í stjórnarskrár í Noregi og Finnlandi. - mh

16 BÍLAR SEM HAFNA SANNNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR GÆÐA- OG ÚRVALSBÍLAR



Honda CR-V 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.98 Ekinn: 141.000 km
Verð: 650.000 kr. Skr.nr. YO657



Toyota Tacoma 4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 22.000 km
Verð: 3.290.000 kr. Skr.nr. PO708



GMC Sierra D/C 1500 SLT 6000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 24.000 km
Verð: 3.890.000 kr. Skr.nr. KO143



Toyota Rav4 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.00 Ekinn: 85.000 km.
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. AV056



Mercedes Benz C 240 2400 Bensín sjsk.
Á götuna: 02.04 Ekinn: 35.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Skr.nr. DH194



Toyota Land Cruiser 100 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.02 Ekinn: 71.000 km
Verð: 3.920.000 kr. Skr.nr. DZ711



Volvo XC90 W/G 2.5 Turbo 2500 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 42.000 km
Verð: 4.370.000 kr. Skr.nr. EG282



Toyota Tundra 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 29.000 km
Verð: 3.550.000 kr. Skr.nr. TN480



Toyota Tundra 4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 08.00 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. PE871



MMC Pajero 3500 Bensín sjsk.
Á götuna: 10.02 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. TU668



MMC Pajero 3200 Dísel sjsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 4.130.000 kr. Skr.nr. ZY404



Volvo V70 W/G Cross Country 2500 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.01 Ekinn: 156.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. RI628



Volvo V70 W/G Cross Country 2500 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.02 Ekinn: 145.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. TF385



Lexus RX400H EXE 3300 Bensín sjsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 7.000 km
Verð: 6.490.000 kr. Skr.nr. MK199



Nissan Double Cab 2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 48.000 km
Verð: 2.690.000 kr. Skr.nr. OV374



Toyota Avensis W/G 2000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 90.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. SX144

BNB-sölugreining

Bílnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum 16 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

VEISTU SVARIÐ?



1. Eftir hvern er vatnslitamyndin sem slegin var á 8,9 milljónir króna á listaverkaupþóði Gallerís Foldar á sunnudag?
2. Hvað heitir hinn nýi eiginmaður Alexöndru, fyrrverandi prinsessu Dana?
3. Hvar hefur Brunamálaskólinn fengið fast aðstetur?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Úrskurður héraðsdóms um heimild Samkeppniseftirlits til húsleitar hjá ferðaskrifstofum:

Byggir á umfjöllun í DV

SAMKEPPNI Í nýlegum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um húsleitarheimild til handa Samkeppniseftirliti, er meðal annars vísað til umfjöllunar í DV í febrúar 2006.

Þar er fjallað um meinta markaðsskiptingu á ferðasölu til Costa del Sol og Portúgals, milli Úrvals-Útsýnar og Heimsferða/Terra Nova. Ferðaskrifstofurnar hafi hætt að keppa á þeim leiðum á sama árinu þannig að þær sátu einar að hvorum staðnum fyrir sig. Úrval-Útsýn dró sig frá Costa del Sol en hélt Portúgal en Heimsferðir hættu að fljúga til Portúgal, en héldu Costa del Sol.



FULLT SKOTT AF SKÝRSLUM Samkeppniseftirlitið byggir rannsókn sína að nokkru leyti á vinnu fjölmiðla. Vísað er til umfjöllunar í DV í rökstuðningi eftirlitsins fyrir húsleitarheimild.

FRÉTTABLAÐIÐ/STÓÐ 2

Helgi Eysteinnsson, þáverandi markaðsstjóri Úrvals-Útsýnar skýrði ákvörðun fyrirtækisins sem svo að Costa del Sol þótti „ekki álitlegur áfangastaður að bjóða upp á til frambúðar,“ vegna lítils framboðs og hás verðlags á gístistöðum fyrir Íslendinga. „Samkeppnin er hörd en það voru samt engin samantekin ráð á milli Úrvals-Útsýnar og Heimsferða að skipta með sér áfangastöðum,“ sagði Helgi í viðtali við DV.

Bjarni Hrafn Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða segir sömu-leiðis í greininni að það sé „enginn fótur fyrir því að um samráð hafi verið að ræða“.

- kóp

Samtök um betri byggð:

Vítaverð og gróf íhlutun ráðherra

SAMGÖNGUR Samtök um betri byggð gera alvarlegar athugasemdir við ásetning Sturlu Böövarssonar samgönguráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að tryggja að höfuðborgin verði ekki „of góð“ með því að festa flugvöll í Vatnsmýri til frambúðar.

Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að um sé að ræða verulega grófa og vítaverða íhlutun í ótvíræðan skipulagsrétt Reykvik-inga. Áform ráðherrans séu í mótsögn við þá stefnu fjögurra af fimm flokkum sem buðu fram í Reykjavík vorið 2006 að flugskuli víkja úr Vatnsmýrinni í seinasta lagi 2016.

- sfs

LÖGREGLUFRETTIR

Fullur á flutningabíl

Bílstjóri flutningabíreiðar með 40 feta gámi á tengivagni var stöðvaður í Mosfellsbæ af lögreglu í fyrradag. Áfengi fannst í bílnum og var öku- maðurinn, sem er um sextugt, látinn gangast undir öndunarpróf á staðnum og fluttur á lögreglustöð á eftir.

EVRÓPA

Öruggar flugferðir

Evrópusambandið hefur ákveðið að taka tvö flugfélög, annað í Úganda og hitt í Taílandi, af svörtum lista flugfélaga sem fá ekki að fljúga til landa Evrópusambandsins, en öryggið hefur verið aukið hjá þeim svo þau uppfylla skilyrði sem sett eru.


Árás hraðar kjarnavopnavæðingu Írans

Varað er við að árás á Íran til að stöðva kjarnorkuáætlun geti haft öfug áhrif og flýtt kjarnavopnavæðingu landsins í nýrri skýrslu virts sérfræðings. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin segir efasemdir uppi um friðsamlegan tilgang áætlunar Írans.

BRETLAND Hernaðaraðgerðir gegn Íran gætu haft þveröfug áhrif og aukið til muna líkur á að Íranir komi sér upp kjarnavopnum, jafnvel innan tveggja ára. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu frá virtum kjarnavopnasérfræðingi, Frank Barnaby, sem telur líklegt að árás á Íran sé að minnsta kosti fimm ár frá því að koma sér upp kjarnavopnum, en að árás geti flýtt þeirri þróun.

Varað við árás á Íran

Hernaðaraðgerðir gegn Íran gætu hraðað þróun þess að Íran komi sér upp kjarnavopnum samkvæmt nýrri skýrslu hugveitunnar Oxford Research Group. Í skýrslunni er áætlað að Íran sé að minnsta kosti fimm ár frá því að koma sér upp kjarnavopnum, en að árás geti flýtt þeirri þróun.



STYÐJA STJÓRNVÖLD Íranar söfnuðust saman á fjölda fundi í Teheran, höfuðborg Írans, í gær til stuðnings kjarnorkuáætlun stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stöðum skýrslunnar á fréttavef sínum.

Í skýrslunni segir Barnaby að takmarkaðar upplýsingar um kjarnorkuáætlun Írans þýði að jafnvel mörg hundruð árása myndi ekki ná að fullu að eyðileggja kjarnorkuáætlunina. Í kjölfar slíkra árása yrði síðan mun auðveldara fyrir Íran að segja sig frá samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna (NPT) og hefja af krafti vinnu við smíði kjarnavopna, hugsanlega með svartamarkaðsviðskiptum. Og við slíkar aðstæður gæti Íran komið sér upp kjarnavopnum innan tveggja ára sem er skemmri tími en gögn bendi til að Íran væri fært um í dag.

Írönsk stjórnvöld hafa staðfastlega neitað því að til standi að þróa kjarnavopn heldur verði kjarnorkan einungis notuð í frið-

samlegum tilgangi. Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), Mohamed ElBaradei, sagði í gær að þrátt fyrir fjögurra ára rannsóknir gæti stofnunin ekki staðfest að kjarnorkuáætlun Írana sé í friðsamlegum tilgangi eins og þeir haldi fram og að efasemdir muni áfram vera til staðar þangað til stjórnvöld Íran fallist á að vinna með stofnuninni.

Bandaríkin hafa íhugað hernaðaraðgerðir gegn ríkjum vegna kjarnorkuvæðingar áður en ekki er neitt beint fordæmi í sögunni fyrir að slíkt hafi verið gert. Næst hefur það legið við árið 1994 þegar rætt var á fundi í Hvíta húsinu hvort gera ætti árás á Norður-Kóreu en umræðu um það var hætt eftir að fréttir bárust af því að vilji væri hjá þarlandum stjórnvöldum til að semja um kjarnorkuáætlun sína.

sdg@frettabladid.is

Gjöf náttúrunnar til þín Omega-3

FISKIOLÍA



Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusyra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.

Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.

Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.



www.lysi.is

Slys í heimahúsum eru algeng hér á landi samkvæmt úttekt Landsbjargar:

Vilja efla öryggi eldri borgara

FORVARNIR Slysavarnafélagið Landsbjörg og Kópavogsbær undirrituðu í gær samstarfssamning um öryggisheimsóknir til eldri borgara í Kópavogi.

Samningurinn felur í sér að allir íbúar Kópavogs sem komnir eru yfir 75 ára aldur geta fengið heim-sókn frá starfsmönnum Slysavarnafélagsins og fengið tillögur um úrbætur á heimilinu svo koma megi í veg fyrir slys.

„Við fengum slökkvitæki og teppi til að slökkva eld, það vantaði alveg hér,“ segir Ólafur Friðriksson, eldri borgari í Kópavogi, sem fékk fyrstu öryggisheimsóknina í gær. Í öllum öryggisheimsóknnum eiga starfsmenn Landsbjargar að hafa meðferðis slökkvitæki, reykskynjara, rafhlöður, handföng við baðkór og sturtur, gúmmíúka undir mottur auk fleiri hluta sem heimili gætu haft þörf fyrir. Leitast verður við að bjóða upp á öryggistækin á hagstæðu verði.

Slys hjá öldruðum í heimahúsum eru algeng hér á landi og hafa oft alvarlegar afleiðingar í för með sér, samkvæmt úttekt sem gerð var af Slysavarnafélaginu úr gögnum Landspítalans.



FARIÐ YFIR ÖRYGGISATRIÐI Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og Ólafur Friðriksson, eldri borgari í Kópavogi, fara yfir öryggisatriði á heimilinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slysavarnafélagið segir margt hægt að gera til að fyrirbyggja þessi slys, mestu skipti að skoða heimili aldraðra með tilliti til öryggis og vonast félagið til að geta heimsótt sem flest heimili eldri borgara á næstu misserum.

- kdk

Parket og flísar á **enn betra** verði í Múrbúðinni



Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm

Kr. **3.590,-** pr.m²



TAU Valois gólf-flísar 33 x 60 cm

Kr. **3.590,-** pr.m²



Steinskífa, náttúrusteinn 30x60

Kr. **1.990,-** pr.m²

Eik ★★★★★ GÆÐAPARKET
2200x182x14mm 4mm



Kr. **2.280,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



Kr. **795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



Kr. **995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



Kr. **995,-** pr.m²




Kr. **2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólf-flísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólf-flísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.195,-** pr.m²

Porcelain gólf-flísar 33,3x33,3 cm



Kr. **1.250,-** pr.m²

Austurrískt gæðaparket

ALLT Á EINUM STAÐ

- Undirlag undir parket og flísar
- Parketlím og -listar
- Flísalím og fúga
- LITHOFIN flísabón ofl.

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-15

Rakavarið plastparket

Beiki & eik aðeins **kr. 690,-** pr.m²

**NÝ SENDING
MIKIÐ ÚRVAL**



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



HERMENN DANSA Indverskir hermenn við landamæri Indlands og Pakistans dönsuðu dátt í gær og köstuðu litadufti hver á annan til að fagna holi, hinni litríku trúarháttí hindúa sem haldin var hátíðleg 3. mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölmíðlar í Rússlandi:

Grunsamlegt lát blaðamanns

MOSKVA, AP Lát rússnesks blaðamanns sem féll út um glugga á föstudag þykir grunsamlegt að mati sumra fjölmíðla í Rússlandi. „Af einhverri ástæðu eru það þeir blaðamenn sem yfirvöldum er illa við sem deyja í þessu landi,“ stóð í dagblaðinu Moskovsky Komsomlets í gær.

Ivan Safronov, fyrrverandi ofursti, var gagnrýninn á stjórnvöld í skrifum sínum um hermál og hafði oft verið yfirheyður af rússnesku leyniþjónustunni.

Nefnd um vernd blaðamanna tilkynnti í janúar að þrettán rússneskir blaðamenn hefðu verið myrtir síðan 2006 sem gerir Rússland þriðja mannskæðasta land í heimi fyrir blaðamenn á eftir Írak og Alsír.

- sdg

Finnsku þingkosningar:

Vanhanen fékk hæstu einkunn

FINNLAND Matti Vanhanen, formaður Miðjuflokksins í



MATTI VANHANEN

Finnlandi, fær bestu einkunnina fyrir þekkingu og hegðun meðal forsætisráðherraefnanna í þingkosningunum sem fara fram í Finnlandi um miðjan mars. Þetta kom fram í skoðanakönnun sem birtist í finnskum fjölmíðlum í gær. Vanhanen fær 7,6 í einkunn fyrir þekkingu og 8,1 fyrir hegðun. Jyrki Katainen, fulltrúi Hægri-flokksins, fékk 6,9 fyrir þekkingu og 7,7 fyrir hegðun, fulltrúi jafnaðarmanna, Eero Heinäluoma, fékk 6,8 í þekkingu og 7,5 fyrir hegðun, að sögn Hufvudstadsbladet.

- ghs

Menntaráð Reykjavíkur hyggst bæta úr fjárhagsvanda einkarekinna grunnskóla með hærri framlögum:

Hækka styrki til sjálfstæðra skóla um 15 prósent

MENNTUN Menntaráð Reykjavíkur borgar beinir því til borgarráðs að hækka styrki til einkarekinna grunnskóla í borginni. Samkvæmt tillögu ráðsins mun styrkur á hvern nemanda á ári hækka í 600.000 krónur úr 515.963 krónum, eða um fimmtán prósent.

Gert er ráð fyrir að hækkingin verði afturvirk og komi til framkvæmda frá og með 1. janúar síðastliðnum. Menntaráð beinir því til skólanna að taka tillit til þessarar breytingar við ákvörðun skólagjalda.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs, sagði einkarekna grunnskóla í borginni

standa frammi fyrir fjárhagsvanda sem bæta þurfi úr. Samkomulag sem gert hefur verið við ríkið bendi til þess að framlögin muni aukast en Menntaráð vilji ekki bíða eftir útreikningi Hagstofu heldur ríða á vaðið.

„Við erum mjög ánægð með að Menntaráð skuli ganga á undan með góðu fordæmi og hækka styrkinn áður en endanlegar tölur liggja fyrir,“ segir Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla. „Mér finnst nokkuð borðleggjandi að meirihlutinn í borginni vill sjá fjölbreytt skólustarf og styðja við bakið á einkaskólum sem og öðrum skólum.“

- sps



ÍSAKSSKÓLI Í Reykjavík eru fimm einkareknir grunnskólar. Þeir eru Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli og Waldorfskólinn Sólstafr.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Sagt ósatt um kauprétt æðstu stjórnenda

Endurskoðandi KPMG segir aðstoðarforstjóra Baugs hafa sagt sér ósatt þegar hann sagði engin kaupréttarákvæði í samningum stjórnenda Baugs. Eðlileg frávik í bókhaldi voru meiri en upphæðir sem ákært er vegna sagði endurskoðandinn.

BAUGSMÁL Endurskoðandi KPMG sem unnið hefur að endurskoðun fyrir Baug frá árinu 1999 staðfesti í gær að fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs og einn ákærðu í Baugsmálinu hafi sagt sér ósatt þegar því var haldið fram við endurskoðandann að ekki hafi verið gerðir kaupréttarsamningar við stjórnendur.

Anna Þórðardóttir, sem starfar sem endurskoðandi hjá KPMG, bar vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í Baugsmálinu í gær. Hún var meðal annars spurð um kauprétt æðstu stjórnenda Baugs, stjórnarformanns, forstjóra og aðstoðarforstjóra, en fram hefur komið að kaupréttarákvæði voru í ráðningarsamningum þeirra og þau voru nýtt að hluta árið 1999.

Framburður Önnu var samhljóma framburði annars endurskoðanda sem bar vitni fyrir helgi en eins og hann sagði Anna ekki hafa heyrt af kaupréttinum fyrr en síðla árs 2002, eða mögulega snemma árs 2003.

Borin var undir Önnu skýrsla sem hún gaf hjá lögreglu þar sem hún hélt því fram að Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, hafi sagt henni ósatt þegar hann hélt því fram að engin kaupréttarákvæði væru í samningum við stjórnendur Baugs, sem á þeim tíma var félag skráð á markað. Hún staðfesti að þetta hafi hún sagt hjá lögreglu og þar með að hún stæði við þessa fullyrðingu.

Í sömu lögregluskýrslu er það haft eftir Önnu að



Í DÓMSALNUM Vitnaleiðslur halda áfram fyrir héraðsdómi og nýtur Sigurður Tómas Magnússon, saksóknari í Baugsmálinu, aðstoðar Hrafnhildar Gunnarsdóttur, auk annarra aðstoðarmanna, til að ná utan um gríðarlegan fjölda vitna sem kalla á fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stjórnendur fyrirtækisins, þar á meðal Óskar Magnússon stjórnarformaður og Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri, hafi skrifað undir staðfestingu við gerð ársreikninga um að allt væri fram komið sem þyrfti að koma fram, án þess að minnst á að ekkert kæmi fram um að kaupréttarákvæði væru í gangi í ársreikningunum.

brjann@frettabladid.is

NÝIR TÖLVUPÓSTAR Í BAUGSMÁLINU VALDA UPPNÁMI

Verjendur tveggja ákærðu gagnrýndu rannsókn lögreglu í Baugsmálinu harðlega þegar sækjandi lagði fram tölvupósta, sem ekki höfðu sést áður í málinu, í gær. Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, sagðist fyrir dómnum í gær hafa rekist á póstana fyrir tilviljun um helgina, en þeir koma við sögu í ákærulið þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson er ákærður fyrir ólögmatar lánveitingar.

Sigurður Tómas sagðist ekki hafa

getað annað en lagt póstana fram þótt þeir hafi fundist seint, þeir komi ákærðu til góða því þeir styðji við þeirra framburð. Því fari þó fjarri að grundvöllur ákæru í þessum ákærulið sé hruninn. Tölvupóstarnir séu úr tölvu Tryggva Jónssonar, eins ákærðu, og gríðarlegt magn pósta valdi því að litíð hafi verið framhjá þeim þar til nú.

„Óneitanlega lítur þetta ekki vel út fyrir lögregluna,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, í samtali við Fréttablaðið. Hann sagði

að lögregla verði að skýra með sannfærandi hætti hvers vegna tölvupóstar með haus með nafni fyrirtækisins sem kemur fyrir í einum ákæruliðnum hafi ekki verið rannsakaðir.

Gestur segir að ekki verði betur séð en að efni þessara tölvupósta sanni það að skýringar Jóns Ásgeirs hafi frá upphafi verið réttar, en verjendur hafi þurft að hafa mikið fyrir því að sanna það með öðrum leiðum, sem hefði ekki þurft ef þessir tölvupóstar hefðu komið fram fyrr. - bj

ORÐRÉTT

„Það er ekki alveg einleikið hvað lögreglan hefur verið fundvís á tölvupósta sem líta út fyrir að koma ákærðu illa, en ekki eins fundvís á þá tölvupósta sem koma þeim vel.“ Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, var ekki sérlega sáttur við vinnubrögð lögreglu þegar í ljós komu tölvupóstar sem virðast staðfesta skýringar sakborninga á einum ákærulið.



„Almenna reglan er sú að krassblöð séu ekki fullgild bókhaldsskjöl, en í ákveðnum tilvikum geta þau verið það.“

Anna Þórðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG, útskýrði tilvist handskrifaðs fylgiskjals í bókhaldi Baugs.



„Hvenær komstu á snoðir um að þetta væri kannski ekki svona einfalt?“ Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, spurði Önnu um kaup og sölu Baugs á bréfum í Arcadia.



„Það er búið að gera réttarhlé, þið takist bara sjálfir á um þetta.“ Arngrímur Ísberg dómsformaður neitaði að taka þátt í rökræðum sækjanda og verjanda um tiltekið skjal og hraðaði sér úr dómalsnum.



BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Vitnaleiðslur halda áfram í dómalsnum í dag. Meðal þeirra sem kallaðir verða fyrir dómnum eru þeir Helgi Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður Fjárfars, og Jón Scheving Thorsteinsson, sem var yfir þróunarsviði Baugs.

Brúðkaups- og rósasýning Gardheima 10. og 11. mars 2007

Brúðarkjólátiskusýning – brúðarvendur – veisluborðskraut – veitingar o.fl. - Yfir 60 tegundir rósa á rósasýningunni – nú veljum við rósina í brúðarvöndinn!



GARÐHEIMAR
heimur heillandi
hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300
www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

Rannsóknir á lágri tíðni nýrnabilunar, sem Runólfur Pálsson vinnur að, eru á lokastigi:

Nýrnabilanir sjaldgæfari hérlendis

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingum sem þurfa að gangast undir lífsnauðsynlega meðferð vegna nýrnabilunar á lokastigi hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum á Vesturlöndum. Athygli vekur að á Íslandi hefur slíkum tilfellum fjölgað mun en víðast hvar annar staðar. Runólfur Pálsson, yfirlæknir á nýrnadeild Landspítalans, er einn þeirra sem vinna að rannsóknum um ástæður þessarar lágu tíðni.



RUNÓLFUR PÁLSSON

„Við vitum lítið um ástæðurnar á þessu stigi en ef til vill spila erfðabættir þarna inn í. Þetta er mjög spennandi rannsóknarefni,“ segir Runólfur.

Runólfur segir hæga framrás nýrnabilunar meðal sjúklinga hér á landi áhuga-verða. Það vekur einnig margar spurningar að helmingur þeirra sem hafi sjúkdóminn á lokastigi annars staðar í heiminum sé sykursjúkur. Hér sé hlutfall þeirra hins vegar innan við tíu prósent.

Í nýjasta hefti Læknablaðsins eru ástæður fyrir fjölgun fólks

með nýrnabilanir á lokastigi meðal annars sagðar vera lengri lífslíkur fólks og fjölgun fólks með sjúkdóma á borð við offitu og háþrýsting. Aukningin er sögð hafa haft gríðarlegan kostnað fyrir heilbrigðiskerfi í för með sér en um leið öflugri rannsóknir á aðferðum við að greina langvinna nýrnasjúkdóma snemma. Runólfur segir að verið sé að taka upp nýja tækni á Landspítalanum við greiningar sem miklar vonir séu bundnar við.



- kdk

GÍFURLEG FJÖLGUN Sjúklingum með langvinna nýrnasjúkdóma hefur fjölgað mikið í heiminum.

Hugsaðu um heilsuna!

Gamla góða Óskajógúrtin
– bara léttari

Frískandi, hollur og léttur drykkur í dós

Svalandi, próteinríkur og fitulaus

Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust

Fitusnauðar og mildar ab-vörur
– dagleg neysla stuðlar að bættri heilsu og vellíðan



JCB 3CX
Árgerð 2000 - v.st. 5.000



JCB 3CX
Árgerð 2003 - v.st. 5.300



JCB 3CX
Árgerð 1998 - v.st. 8.000



Komatsu 130W
Árgerð 1995 - v.st. 8.600



Volvo E70W
Árgerð 2000 - v.st. 2.680

VÉLAVERÐI
Sími 588 2600
www.velaver.is

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

VERUM
BEST
– borðum trefjar!



HVERNIG BORÐAR MAÐUR MEIRI TREFJAR?

Flest okkar hafa gott af því að borða meiri trefjar. Fullröndir ættu að borða a.m.k. 25 grömm af trefjum á dag, en að meðaltali borðum við ekki nema 16,7 grömm*, eða aðeins 2/3 af ráðlögðum dagskammti.

Þó við Íslendingar höldum að við séum best á öllum sviðum hafa rannsóknir sýnt að við stöndum okkur alls ekki nógu vel þegar kemur að neyslu trefja. En það er auðvelt að bæta sig – ef þú borðar Kellogg's All-Bran á hverjum degi færðu næstum helming af ráðlögðum trefjaskammti, sem hjálpar þér að halda meltingunni í góðu lagi. Laus við þembu, þyngsli og doða líður þér vel innan sem utan. Fáðu þér gómsætt Kellogg's All-Bran, Sultana Bran eða Bran Flakes og vertu bestur ... í trefjum!



ALL-BRAN
Heilbrigt útlit
kemur að innan

*Skv. Lýðheilsustöð

Jón Loftsson skógræktarstjóri ætlar að berjast allt til enda í Heiðmerkurmálinu:

Heiðmerkurkæran er prófmál

UMHVERFISMÁL Jón Loftsson skógræktarstjóri álitur kærú sína vegna framkvæmda í Heiðmörk vera prófmál, sem gæti breytt því til frambúðar hvernig gengið er um skóga hér á landi.

Jón telur tíma til kominn að öll sveitarfélög taki tillit til skógræktarlaga. Eins og sjálfsagt sé að virða fornleifar sem finnst við framkvæmdir, ættu menn einnig að gera ráðstafanir þegar byggja þarf í skóglendi.

„Við höfum engan áhuga á að vera að standa mikið í kærúmalum. Það þarf bara að koma þessu inn í skipulagsferlið að það verði sjálfsagt að hafa samband við



JÓN LOFTSSON SKÓGRÆKTARSTJÓRI Vill að tillit verði tekið til gróðurlendis í öllu skipulagsferli. Því verði barist allt til enda í Heiðmerkurmálinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skógrækt ríkisins til að fá ráðleggingar og að sannarlega verði til jafn mikill skógur og hverfur og að honum verði komið fyrir á stað þar sem hann getur örugglega fengið að vera í friði í ein-

hverja áratugi,“ segir Jón. Heiðmerkurkæran sé í fyrsta skipti í hundrað ára sögu skógræktarlaga sem þeim verði í raun og veru beitt. Það gangi ekki að hunsu lög sem séu sveitarstjórnunum óþægileg. Því verði kærúni fylgt eftir fram í rauðan dauðann.

Skógræktarfélag Íslands hefur metið tjónið í Heiðmörk og telur að um þúsund plöntum hafi verið fargað. Fjárhagslegt tjón gæti verið upp á 38 milljónir króna. Kópavogsbær er ekki á sama máli og Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri talar um sextíu til níutíu plöntur sem hafi eyðilagst. -kóp

Mælarnir of dýrir fyrir Reykvíkinga

Raforkumælingar á Þingeyri eru of dýrar fyrir almenna notendur í Reykjavík. Fokdýrt innheimtukerfi, segir upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur. Innheimtukerfin eru ósambærileg, að mati orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða.

ORKUMÁL Innheimtukerfið sem fylgir þráðlausum Kamstrup-orkumælum, sem búið er að leggja í hvert hús á Þingeyri, er of dýrt til að Orkuveita Reykjavíkur kaupi þá fyrir almenna notendur sína.

Fjallað var um mælana á Þingeyri í Fréttablaðinu hinn 23. febrúar. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru slíkir mælur einungis nýttir til að mæla orkuneyslu notenda sem eru svo stórvirkir, að skulu samkvæmt raforkulögum vera fjarmældir.

Í Reykjavík eru stórnotendur á bilinu 300 til 400 talsins. Mæling þeirra er sjálfkrafa og eru upplýsingar um notkun sendar með farsímakerfinu frá notanda til Orkuveitunnar. Stórnotendur eru á svokölluðum afltaxta og nýta yfir hundrað kílóvött á klukkustund.

„Þetta er fokdýrt innheimtukerfi,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR. Hann telur óraunhæft að svo stöddu að nýta þessa fjarmælingu fyrir almenn heimili, kostnaður við tæknina sé enn of hár.

Aðspurður hvort Orkubú Vestfjarða notist við mæla og mælikerfi á Þingeyri sem Orkuveita Reykjavíkur treysti sér ekki til að nota, svarar Kristján Haraldsson, orkubússtjóri OV, að útreikni- og aflestrarakerfið sem Eiríkur tali um, sé ósambærilegt við það kerfi sem sé á Þingeyri. Stórnotendur séu mældir á hverjum degi, en Þingeyringar séu mældir tvisvar á ári. Að auki notist Orkubú Vestfjarða ekki við farsímamælingu, heldur grenndarálestur, sem sé mun



KAMSTRUP-ORKUMÆLIR Þessir mælur eru í hverju húsi á Þingeyri og þeir verða nýttir um alla Vestfirði í framtíðinni. Þeir eru of kostnaðarsamir fyrir almenna notendur Orkubús Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/BB

óðyrari. Við grenndarálestur er mælt úr nálægri bifreið og þarf því ekki að fara inn á heimilin.

Eiríkur Hjálmarsson segir á móti að sísmælingin sé einmitt ástæða þess að OR noti kerfið. Hún sé góð fyrir stórnotendur. Hann telur ekki víst að fjarmæling borgi sig í kerfi fyrir almenna neytendur, hvort sem það sé gert með farsíma- eða grenndarálestri. „Það eru ákveðnar fjárfestingar í þessum mælubúnaði sem gera það að verkum að við teljum ekki rétt fyrir okkar dreifikerfi að fara út í þær núna.“

klemens@frettabladid.is

Flott hugmynd að fermingargjöf

<p>High Peak Sherpa 55+10 Góður göngupoki, stillanlegt bak og stækkanlegt aðalhölf.</p>	<p>Fermingartilboð 9.990 kr. Verð áður 12.990 kr.</p>
	<p>Einnig til 65+10 Fermingartilboð 10.990 kr.</p>

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**



Verð frá kr.:

130.716,-

**ÞRÍR
SÝNINGARSALIR:**

- SMÁRALIND
- AKUREYRI
- SELFOSS



202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði: Kr. 5.858,-

**NÝTT
2007**



Verð frá kr.:

291.707,-

Hvítuð eik

Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk
og þú hannar draumaeldhúsið þitt
auðveldlega.



AEG

20% afsláttur veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG
þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.



ORMSSON

ORMSSON

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON

AKUREYRI · Sími 461 5003

SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

„ORÐRÉTT“

Jarðvegsvinna ráðamanna

„Skóflustungum ráðamanna að betra lífi þessa fólks, sem barist hefur í bökkum í áratugi, hefur fjölgað svo að helst mætti halda að sumir þeirra hefðu alfarið snúið sér að jarðvegsvinnu.“

BALDUR ÁGÚSTSSON FINNUR
KOSNINGALYKT AF LOFORÐUM
RÁÐAMANNA.

Morgunblaðið 5. mars.

Áfallahjálpar um borð

„Ég fann það á leiðinni út til London að allir í flugvélinni voru í sjokki og reyndu að hughreysta mig.“

EINAR BÁRDARSON TÁRFELLDI Í
X-FACTOR EN HEFUR VÍÐA FENGIÐ
HUGGUN.

Fréttablaðið 5. mars.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HJALTI ÞÓR VIGNISSON, BÆJARSTJÓRI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Þjóðgarður og íþróttamannvirki

Í nógu er að snúast hjá Hjalta Þór Vignissyni, bæjarstjóra Hafnar í Hornafirði. Aðspurður um hvað bæri hæst í byggðarlagi hans nefndi hann meðal annars undirbúning á stofnun stærsta og fegursta þjóðgarðs í Evrópu. Um er að ræða svokallaðan Vatnajökulsþjóðgarð sem nær yfir alla jökulhettuna.

„Nærsvæði þjóðgarðsins eru bæði fyrir norðan og sunnan jökul, þar á meðal Lónsöræfi og ef vel tekst til mun störfum verulega fjölga í kringum rekstur garðsins og í almennri ferðamannþjónustu á svæðinu.“

Mikil uppbygging er á Austurlandi, en Hjalta segir fólki fara litillaga fækkandi á Höfn. „En andinn

í bæjarbúum er góður og fólk er almennt bjartsýnt,“ segir bæjarstjórnin. Nettóverslun var formlega opnuð síðastliðinn föstudag í miðbæ Hafnar, en önnur lágvörverslun er ekki rekin í bænum og þykir Hjalta verslunin vera góð viðbót við verslanir í bænum. „Ákveðin óvissa hefur verið um verslunarmál, en niðurstaðan er hagstæð.“

Það er ekki bara verið að opna verslanir, heldur er bærinn einnig að huga að yngra fólkinu og íþróttáhugafólki. „Nýr frjálssí- þróttavöllur er í smíðum og verður klár í sumar, auk þess sem glæsileg 25 metra laug verður tekin í notkun vorið 2008.“

Síðast en ekki síst er stefnt að því að byggja knattspyrnuvöll í líkingu við völinn í Kaplakríkanum í Hafnarfirði sem bæjarstjórnin vonast til að verði klár næsta vetur.



NORÐURBRÚ

GETTÓ KAUPMANNAHAFNAR?

■ Norðurbrú í Kaupmannahöfn hefur oft ratað í fréttirnar vegna óeirða. Þeir sem þekka til víta hins vegar að Norðurbrú er með skemmtilegri hverfum borgarinnar. Meðan Kaupmannahöfn rúmaðist innan borgarmúranna var Norðurbrú landbúnaðar- og iðnaðarsvæði. Þegar byrjað var að byggja utan múranna á miðri 19. öld byggðist svæðið fljótlega upp sem stórt verkamannahverfi. Hverfið hefur verið vinsælt meðal innflytjenda og vegna lágs íbúðarverðs kys unga fólkið að kaupa sér íbúð þar.

SJÓNARHÓLL
AUDLINDAMÁLID

BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
Fjölmíðlakona

Mörg brýnni
mál sem bíða

„Ég átta mig nú lítið á því hvað fólk er að fjargviðrast yfir þessu öllu saman,“ segir Brynja Björk Garðarsdóttir fjölmíðlakona um nýtt stjórnarskrárákvæði um auðlindir sem þingheimur deilir nú um. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur meðal annars hótað stjórnarslitum ef sjálfstæðismenn styðja ekki hugmyndir um að ljúka málinu fyrir þinglok og Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur sagt að Siv eigi að segja af sér vegna þessara ummæla.

„Þetta mál er í vinnslu og ég vona að niðurstaða í því liggji fyrir sem fyrst. Hins vegar er þetta mál alls ekki það brýnnasta sem liggur fyrir á Alþingi.“

Tillaga Sigurðar Kára um að heilbrigðisráðherra ætti að segja af sér finnst mér þó algerlega út í hött. Ég vona bara að fólk geti snúið sér að öðrum og mikilvægari málum fyrir þinglok.“

Upplifa biðina sem óréttláta og langa

Auka þarf stórlega geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn með tilfinningaleg vandamál og hegðunarraskanir, ekki síst innan skóla og heilsugæslu. Aðgangur að fagfólki þarf að vera greiður og forgangsriðun á biðlistum BUGL réttlát.

Foreldrar barna sem eru á biðlista legudeildar barnageðdeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss, BUGL, upplifa biðina gjarnan sem óréttláta og of langa. Líðinn tími hefur áhrif á líðan þeirra og vonir og biðin eftir úrræðum og svörum setur mikinn svip á líf þeirra.

Þetta kemur fram í nýrri meistaraþrófssrannsókn sem Þórdís Kristinsdóttir hjúkrunarfræðingur gerði á daglegu lífi foreldra sem áttu barn á biðlista BUGL. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við fimm mæður og þrjú feður á aldrinum 28–45 ára. Tvennt einkennandi upplifun þeirra, að berjast áfram og lifa í voninni.

Í rannsókninni kom fram að foreldrar fundu fyrir óvissu, kvíða og hjálparleysi meðan á biðinni eftir úrræðum stóð. Reiði kom sterkt fram, fyrst og fremst gagnvart kerfinu en stutt gat verið milli reiði og sorgar. Foreldrar fundu fyrir sektarkennd og voru óruggir um hlutverk sitt á biðtímanum. Fáfræði um BUGL og fordómar annarra juku á þessar tilfinningar.

Góð samskipti voru foreldrunum mikilvæg og gáfu þeim styrk en lítill stuðningur, neikvæð samskipti og takmarkað aðgengi að þjónustu og fagfólki almennt dró úr styrk þeirra. Foreldrar brugðust ólíkt við. Mæðurnar



KVÍÐI OG HJÁLPARLEYSI HJÁ FORELDNUM Foreldrar barna sem eru á biðlista hjá BUGL fundu fyrir óvissu, kvíða og hjálparleysi meðan á bið eftir úrræðum stóð. Reiði kom sterkt fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞÓRÐÍS
KRISTINSDÓTTIR
systkinum og ykju einangrun.

sóttu eftir stuðningi út á við en feðurnir drógu sig í hlé heima. Foreldrar voru samála um að veikindi barnanna og einkenni þeirra kæmu niður á fjölskyldulífi og ykju einangrun.

Mæður fundu meira fyrir álaginu enda voru þær aðallega í forsvari út á við.

Þórdís segir að sér hafi komið mest á óvart að mæður, sem höfðu reynt flest úrræði en án árangurs og voru því hvað ráðalausastar, létu minnst í sér heyra. Þær hafi ekki þrýst mikið á, þrekið hafi verið búið. „Þessar mæður sögðust einfaldlega vera of þreyttar,“ segir hún. „Þegar barnið var komið á BUGL voru foreldrar

búnir að fá nóg og fannst erfitt að bíða eftir hjálpar.“

Leiðsögn og þéttan stuðning vantar frá upphafi við fjölskyldur barna með geðvandamál og hegðunarraskanir, ekki síst innan heilsugæslu og skóla. „Það vantar meiri þjónustu á öllum stigum og það þarf að vera meiri samvinna milli BUGL, heilsugæslu og skóla. Það er áberandi hvað heilsugæslan kemur lítið að málum þessara foreldra.“

ghs@frettabladid.is

norden ÚTBOÐ **NORRÆNA HÚSIÐ**

Norræna Húsið í Reykjavík óskar eftir tilboðum í endurnýjun neysluvatnslagna og hreinlætistækja í húsinu, ásamt þeim verkum sem af því leiðir. Útboð þetta tekur til, að fjarlægja núverandi hreinlætistæki og neysluvatnslagnir ásamt óhjálkæmlegru múrbroti og niðurbrot, timburlofta. Þá skal leggja nýjar lagnir, endurmúra í niðurbrot, flísaleggja, koma fyrir timburloftum og gera við málningu. Neysluvatnslagnir liggja að langmestu leyti undir kjallarlofti, upp í gegn um gólf og eftir gjallveggjum upp að tækjum. Nýjar stofnlagnir gerist úr ryðfríu stáli, en lagnir að tækjum með plastlögnum í ídráttarrörum. Helstu áætlaðar magntölur eru: R yðfrí klemmd rör 370 m. Tengidósir og kistur 56 stk. Hreinlætistæki 22 stk. Endurflísalögð gólf 12 m Endurflísalagðir veggir 90 m² Tilboðsgögn verða afhent á skrifstofu Norræna Hússins, án endurgjalds, frá og með 08.03.2007. Vettvangsskoðun verður 15.03.2007, kl. 11.00 f.h. Tilboðum skal skila á sama stað og verða þau opnuð þar þann 26.03.2007, kl. 11.00 f.h. að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Miðað er við að húsið verði ekki opið almenningi meðan á verk tíma stendur, en hugsanlegt að einhverjir starfsmenn hússins verði við störf. Hefja skal verkið 1.8.06.2007 og skal því lokið eigi síðar en 05.08.2007

Alcan í Straumsvík var með húllumhæ í verslunarmiðstöðinni Firði um helgina:

Fyrsta kosningaskrifstofan

Álverið í Straumsvík opnaði fyrstu kosningaskrifstofuna í bænum í verslunarmiðstöðinni Firði um helgina með kórsöng, tónlistarflutningi Lay Low og kleinum. Samtökin Sól í Straumi opna svo kosningaskrifstofu í miðbæ Hafnarfjarðar eftir viku.

Tryggvi Skjaldarson, flokksstjóri í skaotsmiðju hjá Alcan, sér um upplýsingamiðstöðina í Firði. Hann segir að álverið muni beita sér af fullu afli og reyna að koma upplýsingum á framfæri eins og hægt er.

„Við munum halda fundi, tala við fólk, hringja í fólk og haga okkur eins og frambjóðandi sem vill verða þingmaður og reynir að fá fólk til að kjósa sig. Það eru kosningar fram undan og við ætlum að taka þann slag,“ segir hann.

Tryggvi segist ekki vita hversu mikið fjármagn álverið ætli að leggja í kosningabaráttuna. Reikningurinn sé ekki opin.

Pétur Óskarsson, talsmaður Sólars í Straumsvík, segir að kosningaskrifstofa verði opnuð 9. mars.



VIÐ OPNUNINA Upplýsingastofa Alcan var opnuð í verslunarmiðstöðinni í Firði um helgina og er það fyrsta kosningaskrifstofa sem er opnuð fyrir íbúakosningarnar um stækkun álversins í lok mars. Hér má sjá Rannveigu Rist, forstjóra Alcan, við opnunina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði standa fyrir fundaröð vikuna 20.-23. mars þar sem fjallað verður um einstaka þætti málsins. Stefnir er að

því að enda kynninguna á stórum umræðufundi sem verður sjónvarpað beint fimmtudaginn 29. mars.

- ghs

X-TRA mikið fyrir X-TRA lítið

X-tra

EPLASAFI



111 kr/stk.
1,5 lítrar

APPELSÍNUSAFI



111 kr/stk.
1,5 lítri

LAKKRÍS-KONFEKT



187 kr/pk.
500 g

HAFRAKEX
DIGESTIVE



74 kr/pk.
400g

MÝKINGAREFNI



129 kr/br.
1 lítri

UPPPVOTTAVÉLATÖFLUR



289 kr/pk.
40 stk.

EYRNAPINNAR



59 kr/pk.
200 stk.

PVOTTADUFT



229 kr/pk.
2 kg


BÓMULLARHNOÐRAR



69 kr/pk.
80 stk.

Svona erum við

> Fjöldi útgefna barna- og unglínabóka á Íslandi.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KYNLÍFSPRÆLKUN

Kynlífsþrælar japanskra hermanna

Mikil reiði hefur skapast í kjölfar ummæla forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, um að engin gögn séu til staðar sem sanni að konur hafi verið þvingaðar til að starfa í vændishúsum fyrir japanska hermenn um og í kringum seinni heimsstyrjöldina. Fjölmargar konur sem hafa lýst dvöl sinni í þessum vændishúsum vilja afsökunarbeiðni, viðurkenningu og bætur frá japönskum stjórnvöldum.

Hver er saga þessara kvenna?

Sagnfræðingar áætla að allt að 200.000 konur frá Japan, Kína,

Taívan, Filippseyjum og fleiri löndum hafi verið þvingaðar til starfa sem kynlífsþrælar japanskra hermanna. Margar hafa lýst því hvornig þeim var rænt eða þær gabbadaðar til að koma og starfa í vændishúsum þar sem þeim var nauðgað stundum margt á dag.

Hver var ábyrgð hersins?

Árið 1993 birti japanskur sagnfræðingur, Yoshimi Yoshiaki, opinber gögn sem sýndu fram á að herinn hafði beina aðkomu að rekstri vændishúsa, meðal annars með því að skípa

þá sem sáu um mönnun. Upplýsingarnar vöktu reiðöldu og í kjölfarið báðust japönsk stjórnvöld afsökunar á þeim.

Hver er afstaða japanskra stjórnvalda?

Í afsökunarbeiðni japanskra stjórnvalda árið 1993 var viðurkennt að herinn hefði sett upp og rekið vændishús fyrir hermenn sína í seinni heimsstyrjöldinni. Ekki var orðið við þeirri kröfu að japanska þingið myndi staðfesta afsökunarbeiðnina.

Árið 1995 var stofnaður skaðabótasjóður sem er fjármagnaður með einkaframlögum. Stjórnvöld neituðu að fjármagna sjóðinn þar sem kynlífsþrælkun meðan á stríðinu stóð hafi verið afgreitt í friðarsamningum eftir stríðið.

Heimildir: Fréttavefur BBC og Wikipedia



SPURT & SVARAÐ

STÆKKUN ÁLVERS Í STRAUMSVÍK

Pungaiðnað-urinn fer

Alcan í Straumsvík hefur þegar opnað kosningaskrifstofu í Hafnarfirði og um næstu helgi kemur röðin að Sólar í Straumi. Pétur Óskarsson er talsmaður Sólar í Straumi. Mikið þunga- iðnaðarhverfi er gegnt álverinu í Straumsvík. Hvernig heldurðu að framtíðar- þróunin verði á þessu svæði?



PÉTUR ÓSKARSSON
Talsmaður Sólar í Straumi.

„Svona svæði sem eru þetta nálægt byggð lifa ekki mjög lengi. Ég man eftir þegar iðnaðarsvæði var að byggjast upp annars staðar í Hafnarfirði fyrir þrjátíu árum. Í dag eru þar hótél og matvöruverslanir. Sama þróun verður í suðurhluta Hafnarfjarðar.“
Hvað gerist?
„Byggðin vex allt í kringum svæðið. Með tímanum eykst eftirspurnin eftir lóðum og verðið hækkar, þess vegna verður hagkvæmt fyrir fyrirtækin að flytja. Ég reikna með að Grundartangi og Þorlákshöfn verði þungaíðnaðarsvæði fyrir höfuðborgarsvæðið til framtíðar. Þess vegna er hættulegt að byggja álver til sextíu ára. Eftir 20-30 ár fara þessi fyrirtæki annað.“

Við vitum ekki hvað við borðum

Erfðamengun, sú mengun sem getur fylgt erfðabreytingu matvæla, getur hugsanlega orðið skaðari en kemísk mengun, svo sem mengun af völdum útblásturs og spilliefna. Erfðamengun er að auki ósýnileg. Dr. Terje Traavik er einn fárra sjálfstæðra sérfræðinga í heiminum á þessu sviði. Hann ræddi málin við Fréttablaðið.

Nærri allir sem starfa við mat á skaðsemi erfðabreyttra matvæla eru á einn eða annan hátt tengdir hagsmunum fyrirtækjanna sem framleiða matvælin, segir Terje Traavik. Hann nefnir töluna 95 af hundraði. Svo hátt sé hlutfall þeirra vísindamanna, sem meta gæði og öryggi erfðabreyttra matvæla, sem eiga beina eða óbeina hagsmuni af því að téð matvæli komist á markað.

„Því er það eitt mikilvægasta pólitíska álitamál samtímans að koma þessum málum í betra horf og setja á stofn sjálfstæðar rannsóknarstöðvar,“ segir hann.

Terje er prófessor við Tromsøháskóla og vísindalegur framkvæmdastjóri Rannsóknarstofnunar í genavistfræði (GenØk). Hann hefur lengi unnið að rannsóknum í veirufraði og stýringu



FÓÐURRÓFUAKUR Á SKOTLANDI Æ stærri hluti dýrafóðurs og matvæla er erfðabreyttur. „Erfðabreytt matvæli eru nær örugglega á boðstólum í flestum íslenskum matvöruvörðum, án þess að þau séu auðsjáanleg neytendum þar sem þau eru ekki merkt. Þessu er óflugt farið í Evrópulöndum,“ segir á heimasíðu Neytendasamtakanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

rannsóknum á umhverfis- og heilsufarsáhrifum erfðatækni.

Fjölmargt þarf að athuga þegar erfðabreytt matvæli eru vegin og metin, að mati Terjes: „Tæknin sjálf er ófyrirsjáanleg. Til að mynda er alls ekki hægt að segja fyrir um hegðun erfðabreyttra plantna. Erfðabreyttir maískólfar, sem ekki sýna afbrigðilega hegðun á túni í Iowa í Bandaríkjunum, geta hagað sér allt öðruvísi þegar búið er að flytja þá, kannski í annan heimshluta, þar sem ræktunin fer fram. Breyturnar eru svo fjölmargar.“

Ósýnilega hættan

Erfðatækni byggist á vísindum sem enn þykja fremur stutt á veg komin. Genakerfi eru óhemju flókin og sé hróflað við einni breytingu getur hún haft áhrif á aðrar breytingur og svo koll af kolli. Því er hætt

FRÆG UMMÆLI UM ERFÐATÆKNINA

„Þetta mál [erfðabreytingar] er miklu mikilvægara en svo að það megi eftirláta það eingöngu vísindasamfélaginu og heilbrigðisstéttunum. Sú trú að vísindin þokist stöðugt fram á við er eins konar frjálshyggjuóræð sem minnir dapurlega á þá trúarjátningu að sé bandarískt viðskiptalíf látið afskiptalaust leysi það hvers manns vanda.“

- Dr. James Watson
Nóbelsverðlaunahafi og með-
uppötandi DNA – tvöföldu
gormlaga kjarnsýrusameindar-
innar.

„Monsanto ætti ekki að þurfa að skýra frá öryggi erfðabreyttra matvæla. Hagsmunir okkar eru að selja sem mest af þeim.“

- Phil Angill
Framkvæmdastjóri fyrirtækjasam-
skipta hjá Monsanto.
Heimild: www.erfdabreytt.net

Markaðurinn mun taka eftir því, ef hér verða strangari skilyrði en annars staðar. Einhverjar milljónir í slíkar rannsóknir væru fremur fjárfesting en kostnaður.

við ófyrirsjáanlegum margfeldis-
áhrifum. Einnig getur haft áhrif á gjörvallt þróunarferli erfðabreyttrar lífveru, þegar ytri eða innri skilyrði breytast. Til dæmis ef hitastig hækkar.

Skordýræitur hefur skjót og sjáanleg áhrif og í verstu tilfellum dregur það lífverur rakiðis til dauða. Erfðamengun í lífverunum sjálfum getur haft lúmskari áhrif sem koma ekki fram fyrir en eftir langan tíma, jafnvel heila öld í vistkerfinu. „Arfgeng áhrif mengunarinnar eru ósýnileg,“ segir Terje. „Neytandinn deyr ekki endilega, en hann gæti þróað með sér ofnæmi eða eittrast þannig að auki hættu á krabbameini. Þetta krefst mikilla og vandaðra rannsókna, því í raun er ekkert til sem er „örugg“ breyting. Hvert gen eignast billjón kópíur. Skortur á óháðu eftirliti með þessum vörum er því ekki hughreystandi fyrir mig sem föður.“

Pólitísk spurning

Tengsl vísindamanna og stórfyrirtækja gera neytendur í Evrópu æ gagnrýnni og efins um merkingar á erfðabreyttum matvælum, segir Terje. „Þeir kjósa í auknum mæli að sniðganga slíka vöru með öllu. Stórfyrirtækin eru farin að átta sig á þessu og sjá nú kosti þess að óháðar eftirlitsstofnanir gegni þessu hlutverki. Það er einfaldlega þeim í hag.“

Terje telur að neytendur og ríkisvaldið þurfi að taka þetta hlutverk að sér. „Samfélagið á að spyrja spurninganna, ekki vísindamennirnir og ekki stórfyrirtækin. Árið 2025 er talið að 70 prósent matvæla verði erfðabreytt að ein-



DR. TERJE TRAAVIK Norski prófessorinn hélt á dögnum vel sóttan fyrirlestur í Norræna húsinu. Hann telur að Íslendingar ættu að setja strangari reglur um erfðabreytt matvæli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hverju leyti. Nú þegar er erfitt að fá „hrein“ matvæli, því grunnurinn, dýrafóðrið, er gjarnan erfðabreyttur. Það eru auðvitað gífurlegir möguleikar fölgirnir í erfðabreytingum, en að sama skapi mikil áhætta.“


Gæti styrkt ímynd Íslands

Spurður um þýðingu umræðunnar fyrir Íslendinga, sem telji sig framleiða hrein, óbreytt matvæli, þá vill Terje ekki úttala sig um markað sem hann þekkir ekki til hlítar. Hins vegar sé óumdeilanlegt að með ströngum reglum og framsæknum rannsóknum myndi ímynd landsins sem matvælaframleiðanda styrkjast til muna. „Heilsuimyndin rýmir ekki erfðabreytt matvæli. Markaðurinn mun taka eftir því ef hér verða strangari skilyrði en annars staðar. Einhverjar milljónir í slíkar rannsóknir væru fremur fjárfesting en kostnaður.“



FRÉTTAVIDTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

Fermingartilboð



TOSHIBA Satellite Pro A120-163

Intel Core Duo T2050
512MB vinnsluminni
15,4" skjár
60GB harður diskur

Aðeins
89.900kr./stgr.
Áður 119.866kr.



SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Borgartúni 29 • Glerárgötu 34

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.259 **-1,68%**

Fjöldi viðskipta: 619
Velta: 8.849 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Össur +0,84%

MESTA LÆKKUN

↓ Exista -2,78%
Straumur-Burðarás -2,46%
FL Group -2,32%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,69 -1,34% ... Actavis 68,20 -0,29% ... Alfesca 4,84 -0,41% ... Atlantic Petroleum 570,00 +0,00% ... Atorka 7,55 -1,95% ... Bakkavör 62,70 -0,32% ... Eimskipafélagið 36,40 -0,82% ... FL Group 29,50 -2,32% ... Glitnir 26,70 -2,20% ... Kaupþing 972,00 -2,31% ... Landsbankinn 32,00 -1,54% ... Marel 74,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,70 -1,26% ... Straumur-Burðarás 19,80 -2,46% ... Össur 120,00 +0,84%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](http://nánar.ao.visir.is)



ÁLVER ALCOA Glitnir segir líkur á að dragi úr vöruskiptahalla þegar útflutningur á áli hefst úr álverinu á Reyðarfirði.

Minni vöruskiptahalli

Halli á vöruskiptum nam 5,1 milljarði króna í síðasta mánuði, samkvæmt bráðabirgðaútreikningum sem Hagstofan birti í gær. Vörur voru fluttar inn fyrir 29 milljarða króna í mánuðinum en út fyrir 24 milljarða.

Greiningardeild Glitnis segir hafa dregið jafnt og þétt úr halla á vöruskiptum enda sjái nú fyrir endann á umfangsmiklum fjárfestingum auk þess sem mjög hafi dregið úr vexti einkaneyslu. Þá munar miklu um aukningu á útflutningi sjávarafurða og áls, en hátt verð hefur fengist fyrir vörurnar. Hafi svo lítil halli sem þessi ekki sést síðan í apríl árið 2005, að sögn greiningardeildarinnar sem telur líkur á að áfram dragi úr vöruskiptahalla á árinu. - **jab**

Minna tap í olíuleitinni

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum skilaði tapi upp á rúma 8,1 milljón danskra króna, jafnvirði rétt rúmra 96 milljóna íslenskra króna, á síðasta ári. Þetta er nokkru minna tap en árið áður en þá tapaði félagið tæplega 10,4 milljónum danskra króna, sem jafngildir 123,3 milljónum íslenskra króna.

Í uppgjöri félagsins kemur fram að rekstrartap Atlantic Petroleum á árinu hafi numið tæpum 11,5 milljónum danskra króna, tæplega 136,4 milljónum íslenskra króna, sem er nokkru meira en spáð var. Haft er eftir Wilhelm Petersen, forstjóra félagsins, að árið hafi verið gott hjá Atlantic Petroleum og hafi það náð markmiðum sínum. - **jab**

EMI hafnaði Warner Music

Stjórn bresku hljómplötuútgáfunnar EMI hafnaði í gær yfirtökuþilboði bandarísku risasamstæðunnar Warner Music Group. Tilboðið hljóðaði upp á 260 pens á hlut, sem þýðir að EMI er metið á 2,1 milljarð punda, jafnvirði um 275 milljarða íslenskra króna.

Á sama tíma greindi Evrópuarmur bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers, að hann hefði fest sér rúmlega 703.000 hluti í EMI og ræður bankinn yfir 4,53 prósentum í útgáfufélaginu.

EMI hefur átt við nokkurn samdrátt að stríða síðustu misserin og hefur sent frá sér neikvæðar afkomuviðvaranir í tvígang það sem af er árs. - **jab**

Ríkisstofnanir fá endurgreiðslu

Til stendur að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af allri þjónustu sem þær kaupa af tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra upplýsti um þetta á ráðstefnunni „Útvistun - allra hagar“ sem haldin var fyrir helgi af Samtökum UT-fyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Ríkiskaupum og ráðuneytum fjármála, iðnaðar og viðskipta.

Með endurgreiðslunni á að leysa svokallað VSK-mál sem lengi hefur verið eitt helsta baráttumál upplýsingatæknigeirans. Bent hefur verið á að í núverandi fyrirkomulagi væri innbyggður hvati ríkisins til að halda úti eigin hugbúnaðar- og tölvudeildum, í



ÁRNI M. MATHIESEN Fjármálaráðherra sést hér við opnun nýs þjónustuvefjar skattayfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stað þess að kaupa þjónustu frá einkaaðilum og með því væri samkeppnisstaða skekkt. Samkvæmt gildandi lögum leggja opinberir aðilar og fjármálafyrirtæki ekki virðisaukaskatt á þjónustu sína og geta ekki fengið hann endur-

greiddan nema af tiltekinni skilgreindri þjónustu sem þeir kaupa af einkaaðilum. Þannig fæst ekki endurgreiddur virðisaukaskattur af hýsingu upplýsingakerfa.

Á fundinum sagði Árni að í fjármálaráðuneytinu væri þegar hafinn undirbúningur að gerð verklagsreglnasemgerðuendurgreiðslu mögulega og að ráð væri gert fyrir breytingunni við undirbúning fjárlaga 2008. Sömuleiðis sagði hann að tækist vel til með breytinguna gagnvart þjónustukaupum tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja sæi hann ekkert því til fyrirstöðu að útfæra sömu lausn gagnvart annars konar þjónustu og vörusölu einkaaðila, líkt og Samtök iðnaðarins og fleiri hafi lagt til. - **óká**

AIR FRANCE KLM

umhverfis jörðina, allan sólarhringinn
bókaðu á



kmiceland.is

Leita að fleiri tilboðum

The Reliable Airline



Einn smellur á kmiceland.is til að finna hagstæðasta miðaverðið, bóka á Netinu, fá upplýsingar um flug, safna flugpunktum og svo framvegis.

Skilmálar: Verð fram og til baka frá Reykjavík með öllum sköttum og gjöldum. Nánari upplýsingar um skilmála má finna á www.kmiceland.is

Íslenska óperan er eina ferðina enn á tímamótum.

Örlög Óperunnar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Fáir láta sig gengi Íslensku óperunnar nokkru varða, þótt þessi menningarstofnun eigi að baki aldarfjórðung í starfi og enn lengri forsögu sem teygir sig aftur á nítjándu öld. Þá eins og nú áttu íslenskir söngvarar sér helst starfsvon í útlöndum: viðgangur listformsins í samfélögum Evrópu og Ameríku gat af sér listaverk sem virðast geta hitt fólk í hjartað enn þann dag í dag. Líka hér á landi, þótt gestafjöldi Íslensku óperunnar hin síðari ár sé ekki mikill.

Ópera á Íslandi er á tímamótum: stjórnandi hennar til síðustu átta ára hverfur af vettvangi í vor og þá rísa háværar deilur um frammistöðu hans og stefnu. Hljóður er nú bæjarstjórnin í Kópavogi sem fyrir rétt ári taldi það smámál að reisa óperuhús í landi þar sem draumur um þökkalegt tónlistarhús er loks að rætast eftir hálftrar aldar baráttu. Óperulistinni er ekki ætlað fullnægjandi rými í nýju tónlistarhúsi.

Málsvarar óperunnar segja að listformið hafi aldrei notið almennrar hylli. Það sé ekki allra, ekki síst þegar í hlut eiga yngri verk sem koma á svið óperuhúsa nú um aldamótin. Og svo benda þeir á endalaus nýtingu á vinsælustu stefnum óperunnar sem rata í aðra miðla: auglýsingar, sjónvarpsþætti og kvikmyndir: hún er víst vinsæl.

Íslensku óperunni hefur um langt skeið verið í kot vísað: gamalt bióhús með þröngu sviði og grunni rúmar ekki stærri verk óperubókmenntanna. Hvorki Þjóðleikhúsið né Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa sýnt litlu systur sinni í listinni nokkra rækt, nánast látið eins og hún væri ekki til. Fjárveitingavaldið veitir Íslensku óperunni rausnarlega styrki og einkafyrirtæki hafa lagt henni lið. Enda er í samfélaginu stór hópur sem leggur fyrir sig söng: við menntum árlega söngvara og sendum þá til starfa í útlöndum. Við njótum listar þeirra þá þeir snúa heim í stuttar heimsóknir. Sú fjárfesting er ekki glatað fé að öllu leyti. List þessa fólks ber frama landsins víða: er varla til jafn frambærileg sveit íslenskra listamanna sem starfar alfarið á erlendum vettvangi. Hvað er þá til ráða?

Forráðamenn Íslensku óperunnar verða að sækja fram á þeim skamma tíma sem gefst áður en tónlistarhúsið verður opnað. Þeir verða að huga að verkefnavali sem vekur nýjan áhuga og sátt um réttmæti listformsins í tónlistarhúsinu. Þeir þurfa að huga betur að nýsmíði íslenskra verka. Þeir eiga að láta þýða verk og láta syngja þau á íslensku. Í landinu eru örfáir menn sem svo eru hagir á mál, rím og hætti, að þeir geta þýtt söngtexta af hvaða máli sem er á sönghæfa íslensku. Þeir verða að leita að nýjum leiðum til að flytja verk fyrir áhorfendur sem rjúfa það fámenni sem nú sækir óperur. Jafnvel fara úr Gamla bíó með einhver verkefni, leita í rýmri leikhús eins og Borgarleikhús og Þjóðleikhúsið, jafnvel hús sem eru ekki hugsuð til flutnings á sönglist, til að skapa listforminu og Óperunni stærra rými í samfélagi íslenskra lista, betri og dýpri hljómgrunn í þjóðarsálinni. Þeir verða með merkjanlegum hætti að taka upp samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þeir verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að auka hróður óperunnar svo hingað komi íslenskir listamenn sem búsettir eru erlendis og geti um nokkurra vikna skeið deilt list sinni með okkur. Þeir verða að sækja fram af djörfung. Vogun vinnur. Þeir verða að ná þeirri stöðu að óperan verði áfúsugestur í tónlistarhúsinu, spennandi kostur fyrir Kópavogsbæ, eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir Sinfóníu og stóru leikhúsin.

Þeir verða að temja sér yfirlæti pönkfyrirtækisins í sínum glaðbeittu einkennisorðum: Heimsyfirráð eða dauði. Gangi það ekki eftir er dauðinn óhjákvæmilegur, þótt jarðarförin fari vel fram – í fárra viðurvist.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



KÖLD SLÓÐ

★★★★★

„Köld slóð er afbragðs sakamálasaga“

JVJ / topp5.is

Sýnd í Smárabíói og Regnboganum

20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vond skilaboð

Forsvarsmenn sveitarfélaga, bæði hér á landi og erlendis, hafa oftar en ekki litið veggjakrot hornauga. Svo virðist ekki vera, nema að litlu leyti, í Kópavogi. Vegfar- endur sem hafa átt leið fram hjá leik- skólanum Kópa- steini við Hábraut í Kópavogi hafa mánuðum saman tekið eftir afar afdráttarlaus- um skilaboð- um á áber- andi stað á húsvegg leikskóla- bygging- arinnar. Á

vegg sem snýr í átt að götunni hefur mánuðum saman staðið stórum stófum „Fuck“ á byggingunni. Þó ég keyri þarna fram hjá daglega, þá hreyfir þetta ekki mikið við mér, en eitthvað segir mér að foreldrum barna í Kópasteini finnst þetta vond skilaboð. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, ætti að geta leyst þetta. Óþarft að biðja eftir framkvæmdaleyfi í þessu tilfalli.

Að taka slaginn

Það er orðið tímabært, að einhver stígi fram og treysti sér til þess að rökkræða við

Sigurð Líndal lagaprófessor um það hvort það geti mögulega verið að auðlindaákvæðið í stjórnsáttmálanum sé marklaust. „Þjóðin getur ekki verið eigandi í eignarréttarlegri merkingu,“ var haft eftir Sigurði í Fréttablaðinu á sunnudaginn. Hér þarf einhver, til dæmis einhver úr röðum Sjálfstæðis- eða Framsókn- armanna úr því þetta er í stjórnsáttmálanum, að stíga fram og rökstyðja skoðunina: Jú, þjóðin getur verið eigandi í eignarrétt- arlegri merkingu. Þorir einhver að taka slaginn? magnush@frettabladid.is

Glaður kennari

Það hefur ýmislegt orðið til þess að gleðja í mér kennara- hjartað síðustu dagana. Reyndar gera nemendur mínir það daglega en það er önnur saga. Ástæða þessarar tilteknu gleði hefur verið umfjöllun um málefni stéttarinnar úr ýmsum áttum. Allmargir kennarar hafa tekið sig til og skrifað þrýðilegar greinar um í dagblöðin, þökk sé þeim og vonandi eru fleiri væntanlegar. Ritstjórar dagblaðanna hafa birt í leiðurum þá skoðun að kennslu eigi að meta og launa mun betur en nú er gert. Nokkrir sveitar- stjórnarmenn hafa látið í ljósi vilja til lausna á deilunni og stungið upp á ýmsum leiðum til þess. Skoðanir eru skiptar um þessar leiðir en viljinn til framkvæmda er mikilvægur og orð eru til alls fyrst. Nú vantar bara að menn láti verkin lata en þar virðist hnífurinn standa í kúnni.

Ýmsir vilja halda því fram að samninganeftnd kennara sé föst í ístaðinu, þver og þrjósk og engin leið að ræða við hana. Mér fróðari menn halda því fram að þetta sé alrangt, þarna sé að störfum mjög gott fólk sem hafi góða yfirsýn og traustan málflutning. Það skal tekið fram að heimildarmenn mínir á þessu sviði eru ekki alveg hlutlausir og það má svo sem vera að einhver þrjóska sé í spilin. Ef sú er raunin er þvermóðska beggja vegna borðs. Launaneftnd sveitarfélaganna hlýtur að vera öll af vilja gerð en þar virðist vera þungt fyrir fæti. Ráðherrar segja okkur að grunnskólinn sé á vegum sveitarfélaganna og því geti ríkisstjórnin ekki blandað sér í umrædda deilu. Það kom samt ekki í veg fyrir hótun um lagasetningu ef kennarar gengju ekki til samninga í verkfalli fyrir tveimur árum en það er önnur saga. Stjórn Sambands íslenskra



INGA RÓSA ÞÓRBARDÓTTIR Í DAG | Kjarabaráttu kennara

sveitarfélaga segir okkur að samningamáli séu í höndum launaneftndar sem starfar sjálfstætt og er kjörin á lands- þingi sambandsins. Launaneftndin segir okkur að hún sé bundin af samþykktum sambandsins. Allir hafa nokkuð til síns máls en það sér hver maður að við þessar

Stóra málið er hversu langur hver skóladaður grunnskóla- nemenda á að vera og hversu langt skólaárið hans á að vera. Starfslýsing kennara er morgunljós og yfirgrípsmikil og skólástjórnendur sjá um að þeir vinni í samræmi við hana. Og þá þarf að meta hvers virði það er að hafa hæft, áhugasamt, metnaðarfullt, vel menntað og kraftmikið fólk við kennslu.

RÓBERT KRISTMANNSSON: LENTI ILLA Í AFSTÖKKI AF SVIFRÁ Á BIKARMÓTINU Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Fluttur á sjúkrahús með höfuðáverka

Um helgina fór fram bikarmót í áhaldafimleikum í frjálsþróttahöllinni í Laugardal. Sveitir Gerplu fóru með sigur af hólmi í frjálsum æfingum í karla- og kvennaflokki. Einn keppandinn úr karlaflokki Gerplu, Róbert Kristmannsson, fór heldur illa í afstökki af svifrú.

„Þetta var ansi skrautlegt en ég er sem betur fer alveg heill,“ sagði Róbert sem lenti á höfðinu og var í kjölfarið fluttur á sjúkrahús. „Ég tek því rólega í tvo daga og ætti svo að geta haldið áfram af fullum krafti.“

Hann segist hafa áttað sig á því um leið hvað væri í vendum. „Ég vissi að ég var ekki að ná að gera það sem ég ætlaði mér. Ég vissi ekkert hvar ég var staddur í loftinu. Ég lenti svo á hnakknum, fæ andlitið í bringuna og fæturnir fara yfir mig og í gólfid.“

Læknirinn á svæðinu kom um leið að Róberti og gætti sín á því að hann hreyfði sig ekki neitt. „Hann vildi ekki taka neina áhættu og kallaði á sjúkrahúsi. Ég fann sjálfur að ég væri í lagi en það er aldrei að vita hvað gerist í svona aðstæðum.“

Hann gat svo mætt aftur næsta dag og fagnað sigrinum á mótinu með sínum liðsfélögum.

„Þetta er nú í fyrsta skiptið sem eitthvað svona lagað kemur fyrir mig. Ég var búinn að gera allar æfingarnar í upphitun án vandæða. Svo bara gerist eitthvað hjá mér sem ég kann ekki að útskýra.“

Róbert var þó á sínu síðasta áhaldi og „kláraði“ því mótið

eins og hann ætlaði sér.

Það er mikið um að vera í íslenskum fimleikum þessar vikurnar. Um næstu helgi fer fram Íslandsmótið í hópímleikum þar sem í fyrsta sinn verður keppt í flokki þar sem keppendur af báðum kynjum eru saman í hópum.

Um þarnaestu helgi fer svo fram Íslandsmótið í áhaldafimleikum þar sem Róbert mun keppa að óbreyttu. Norðurlandamótið í hópímleikum fer fram í næsta mánuði þar sem Ísland mun eiga fjögur lið.



BORINN ÚT AF Jose Antonio Reyes sést hér borinn út af á börum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Meiðsli hjá Real Madrid:

Beckham og Reyes úr leik

FÓTBOLTI Real Madrid þarf að spila án tveggja stjórnleikmanna í seinni leik sínum við Bayern München í 8 liða úrslitum Meistaradeildarinnar á morgun. Þeir David Beckham og Jose Antonio Reyes voru báðir bornir af velli í 1-1 jafntefli við Getafe um helgina. Beckham meiddist á hné og gæti misst af næstu tveimur mánuðum en hann fór út af á 69. mínútu, 37 eftir að Reyes hafði yfirgefið völlum af sömu ástæðu.

Beckham verður örugglega ekki með í stórleiknum á móti Barcelona um næstu helgi og þá er ólíklegt að hann verði með enska landsliðinu þegar það spilar í undankeppni EM seinna í þessum mánuði.

- 66j

Búist við stórsókn Barca

Evrópumeistarar Barcelona verða að skora mörk gegn Liverpool í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar en liðin mætast á Anfield í kvöld.

FÓTBOLTI Liverpool-menn eru viðbúnir stórsókn Barcelona þegar liðin mætast á Anfield í kvöld í seinni leik þeirra í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Liverpool vann fyrri leikinn 2-1 á Nou Camp í Barcelona og Evrópumeistararnir þurfa því að minnsta kosti að skora tvö mörk ætli þeir sé ekki að detta út í fyrstu umferð.

Bæði lið töpuðu í deildinni um helgina, Barcelona 1-2 fyrir Valencia og Liverpool 0-1 fyrir Man. Utd og hafa því margt að sanna í þessum stórleik milli Evrópumeistara tveggja síðustu ára.

Barcelona spilar væntanlega leikkerfið 3-4-3 þar sem þeir Ronaldinho, Lionel Messi og Samuel Eto'o byrja allir í fyrsta sinn frá því í september. „Ég get ekki haft nein áhrif á þeirra leikskipulag og er aðeins að hugsa um hvernig mitt lið kemur út á völlum. Við vitum að þeir þurfa að skora tvö mörk, þeir eru sóknarlið og það þarf því ekki að koma okkur á óvart að þeir mæti hingað í sóknarhug,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

„Við setjum þennan leik allt öðruvísi upp en leikinn á Spáni en við ætlum okkur að vinna leikinn,“ bætti Benitez við.

Steven Gerrard, fyrri liði Liverpool,



BROSIR HANN EFTIR LEIKINN? Eíður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona þurfa að spila eins og þeir gera best ætli þeir sér áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

pool, segir Meistaradeildina vera síðasta von liðsins um titil í vetur.

„Við erum dottirnir út úr öðrum keppnum og tapið fyrir Manchester United í deildinni um helgina þýðir að við eigum ekki möguleika á meistaratitlinum heldur. Þessi leikur er því gríðarlega mikilvægur fyrir okkur. Það er stórhattingur að mæta í leikinn of öruggir með okkur því við mætum frá-

bæru liði sem hefur verið besta liðið í Evrópu síðustu tvö ár. Þeir koma af miklum krafti inn í leikinn en ég veit að við getum náð þeim úrslitum sem við þurfum,“ sagði Gerrard.

Aðrir leikir kvöldsins eru: Lyon-Roma (0-0 í fyrri leiknum), Chelsea-Porto (1-1) og Valencia-Internazionale (2-2).

ooj@frettabladid.is

Páll Axel Vilbergsson átti stórleik gegn Keflavík:

Stefnan sett á að taka titilinn

KÖRFUBOLTI Grindavík vann í gær sanngjarnan sigur á grönnum sínum í Keflavík. Mikið var skorað í leiknum sem var hraður og skemmtilegur. Sautján stiga sigur Grindavíkur, 117-99, tryggði liðinu betri árangur í innbyrðis viðureignum liðanna. Grindavík á því enn möguleika á að stela 5. sætinu í lokaumferð Iceland Express deildarinnar á fimmtudag.

Mikið jafnræði var með liðunum í upphafi leiks en eftir því sem á leið sigu heimamenn fram úr. Heimamenn áttu einfaldlega betri dag, gerðu færri mistök og nýttu sín tækifæri betur. Ekki skemmdi fyrir að Páll Axel Vilbergsson átti stórleik, skoraði 41 stig og hitti 8 af 10 þriggja stiga skotum sínum.

Páll Axel skoraði fyrstu ellefu stig Grindavíkur í öðrum leikhlutum, 19 alls í öllum leikhlutunum, og lagði þar með grunninn að sigri heimamanna. „Þetta var furðulegur leikur,“ sagði Páll Axel. „Það var lítið um varnarleik og mikið skorað. En það var mjög gott að landa þessum sigri, þeir hafa ekki verið það margir í vetur.“

Hann vildi lítið gera úr eigin frammiþöðu. „Það skiptir ekki máli hvað ég skoraði mörg stig. Ef ég næ að leggja mitt af mörkum er ég sáttur, sama hvaða það framlag er.“



GÓÐIR Jonathan Griffin og félagar í Grindavík reyndust nágrönnum sínum í Keflavík erfiðir í gær.

VIKURFRÉTTIR

En hann segist lítið hugsa um hvort Grindavík nái fimmta sætinu af Keflavík eða ekki. „Við erum fyrst og fremst að undirbúa okkur fyrir nýja keppni sem hefst eftir næsta leik. Og ég er mjög bjartsýnn fyrir þá keppni. Við erum allavega ekki tilbúnir að leggjast niður og gefast upp. Þessi titill er í boði og við eigum jafn mikinn séns á honum og öll önnur lið í keppninni. Við stefnum á að taka þennan titil.“

- esá



LYKILÍTI Jón Arnór Stefánsson skoraði tvö síðustu stig síns liðs í naumum sigri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ítalski körfuboltinn:

Jón Arnór aftur traustur í lokin

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson hitti úr tveimur úrslitavítaskotum á lokasekúndunum í 78-77 útsigri Lottomatica Roma á VidiVici Bologna í ítalska körfuboltanum. Í vikunni áður tryggði Jón sínu liði framlengingu með ótrúlegri þriggja stiga körfu af löngu færi en Rómaliðið vann síðan framlenginguna. Jón skoraði alls 7 stig á þeim 13 mínútum sem hann spilaði á sunnudaginn en hann var í villuvandræðum.

- 66j

Næstu landsmót UMFÍ:

Selfoss heldur mótið árið 2012

ÍPRÓTTIR Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, tilkynnti á 85. héraðsþingi HSK um helgina að Selfoss muni halda 27. landsmót UMFÍ sem fer fram árið 2012. 25. landsmótið fer fram í Kópavogi nú í sumar og 26. mótið er á Akureyri árið 2009. Selfoss hefur einu sinni áður haldið landsmótið en 16. mótið fór þar fram 21.-23. júlí 1978.

- 66j

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Iceland Express-deild karla

GRINDAVÍK-KEFLAVÍK	116-99
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 41, Jonathan Griffin 23, Þorleifur Ólafsson 19, Adam Darboe 16, Björn Steinar Brynjólfsson 7, Páll Kristinsson 4, Ólafur Ólafsson 4, Sigurður Gunnarsson 2.	
Stig Keflavíkur: Sebastian Hermanier 24, Magnús Þór Gunnarsson 22, Gunnar Einarsson 15, Sverrir Þór Sverrisson 13, Sigurður Þorsteinsson 10, Jón Norðdal Hafsteinsson 5, Þróstur Jóhannsson 4, Axel Þ. Magnússon 3, Halldór Halldórsson 3.	
TINDASTÖLL-KR	81-99

STADAN

NJARÐVÍK	21	19	2	1831-1649	38
KR	21	17	4	1863-1617	34
SNÆFELL	21	16	5	1731-1542	32
SKALLAGR.	21	16	5	1949-1799	32
KEFLAVÍK	21	12	9	1900-1813	24
GRINDAVÍK	21	11	10	1849-1752	22
ÍR	21	9	12	1777-1801	18
HAMAR/SELF.	21	7	14	1578-1720	14
TINDASTÖLL	21	6	15	1832-2012	12
ÞÓR ÞORL.	21	5	16	1725-1918	10
FJÖLNIR	21	4	17	1727-1895	8
HAUKAR	21	4	17	1717-1961	8

Iceland Express-deild kv.

ÍS-BREIÐABLIK	75-82
Stig ÍS: Casey Rost 27, Þórunn Bjarnad. 12, Stella Rún Kristjánsd. 9, Helga Jónasd. 9 (12 fráköst, 6 stoðs.), Svandís Sigurðard. 5 (10 fráköst), Berglind Kristjánsd. 4, Alda Leif Jónsd. 4, Lovísa Guðmundsdóttir 3 (6 stoðs.), Tinna Björk Sigmundsdóttir 2.	
Stig Breiðabliks: Victoria Crawford 41 (11 frá., 6 stoðs., 4 varin), Telma Björk Fjalarsdóttir 13, Freyja Sigurðardóttir 10, Ragnheiður Theodórsdóttir 6, Ingibjörg Skúladóttir 5, Lóa Dís Másdóttir 4 (11 frá.), Heiðrún Ösp Hauksdóttir 3.	

BT Lendir 1. mars þát

PC DVD

The Sims 2 SEASONS EXPANSION PACK

9 hver vinnur.

Sendu SMS skeytið **BTC SSF** á númerið **1900** og þú gætir unnið fartölvu frá BT og Sims Seasons

Aukavinningar eru:
Sims 2 Seasons leikir · Aðrir Sims leikir
PS2 stýriþinnar · PS2 minnikort · DVD myndir
Fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira.

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Harpa Þorsteinsdóttir lék með Charlton: Skoraði í fyrsta leiknum

FÓTBOLTI Harpa Þorsteinsdóttir, byrjaði frábærlega með Charlton í ensku úrvalsdeildinni í fíbolta en hún lék fyrsta leik sinn gegn Sunderland á sunnudaginn. Charlton vann öruggan sigur, 8-0, og fór með þessum sigri upp í 3. sæti deildarinnar.

Harpa skoraði sjöunda mark liðsins eftir að hafa komið inn á sem varamaður skömmu áður og markið kom með hennar fyrstu snertingu í leiknum. Harpa fylgdi þá eftir skoti félaga síns í liðinu. Harpa mun klára tímabilið með Charlton en spilar síðan með Stjörnunni í sumar.



- óój **BYRJAR VEL** Harpa Þorsteinsdóttir hjá Charlton. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragnar Óskarsson gerir það gott í Frakklandi: Besta tímabil Ragnars

HANDBOLTI Ragnar Óskarsson spilar vel þessa dagana í frönsku úrvalsdeildinni í handbolta. Um helgina skoraði Ragnar 8 mörk úr 13 skotum í 27-24 sigri Ivry á Montpellier í toppbaráttuslag deildarinnar. Eftir leikinn eru liðin jöfn að stigum á toppnum en níu leikir eru eftir. Ivry er búið að vinna alla fjóra leiki sína eftir heimsmeistarahléið og Ragnar er búið að skora í þeim 35 mörk (8,8 í leik) og nýta í þeim 69 prósentum skota sinna. Þetta er þriðja og síðasta tímabil Ragnars með Ivry en hann er á leiðinni til USAM Nîmes á næsta tímabili. Ragnar er sem stendur þriðji markahæsti maður deildarinnar með 6,2 mörk að



106 MÖRK Ragnar Óskarsson er búið að skora 106 mörk í fyrstu 17 leikjum Ivry í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

meðaltali í leik en hann hefur mest áður skorað 5,6 mörk að meðaltali í frönsku deildinni og það var fyrsta ár hans með Dunkerque 2000-01. Ragnar hefur auk þess nýtt 58% skota sinna sem er einnig besta skotnýting hans til þessa.



Iveco EuroCargo
Árgerð 1997 - ekinn 248.000 km



VW LT46
Árgerð 2003 - ekinn 120.000 km



Volvo FM7
Árgerð 2001 - ekinn 195.000 km



Bens Atego
Árgerð 2001 - ekinn 293.000 km



Iveco Trakker
Árgerð 2006 sýningarbíll



VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:30
LIVERPOOL
BARCELONA
MEISTARADEILDIN



**HVERJIR
KOMAST
ÁFRAM?**



Í KVÖLD KL. 19:30

MEISTARAEILD EVRÓPU
Liverpool - Barcelona
Chelsea - Porto Sýn Extra
Valencia - Inter Sýn Extra 2

Á MORGUN KL. 19:30

MEISTARAEILD EVRÓPU
Arsenal - PSV
Bayern München - Real Madrid Sýn Extra
Man. United - Lille Sýn Extra 2

Á FIMMTUDAG

UEFA CUP
Newcastle - AZ Alkmaar

Á LAUGARDAG

ENSKI BIKARINN
Middlesbrough - Man. United

SPÆNSKI BOLTINN
Barcelona - Real Madrid

Á SUNNUDAG

ENSKI BIKARINN
Chelsea - Tottenham
Blackburn - Man. City
Plymouth - Watford

SYN
besta sætið

> Helen Mirren

Ilyena Vasilievna Mironov, öðru nafni Helen Mirren, fæddist í Bretlandi árið 1945. Faðir hennar er Rússi en móðir hennar ensk. Helen giftist leikstjóranum Taylor Hackford árið 1997 eftir ellefu ára sambúð saman. Helen á engin börn og kveðst ekki hafa hið minnsta móðureðli í sér. Fyrsta aðalhlutverk Helenar var í Kleópötru árið 1965 en síðan þá hefur hún leikið í tugum mynda og leikrita og er meðal annars eina leikkonan til að leika bæði Elísabetu Englandsdrottningu I og II. Helen hlaut Óskarsverðlaun á dögunum en þar fyrir utan hefur hún hlotið 53 verðlaun.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR ÖSKRAÐI MEÐ MOPPU Á LOFTI

Kvalalosta fullnægt við skjáinn

Ég sækí í efni sem fær hárin til að rísa á höfði mér. Ef til vill er þetta einhver konar masókismi sem ég fæ ekki næga útrás fyrir.

Þessi hvöt mín kom berlega í ljós um helgina þegar ég gat ekki slitið mig frá þættinum Silfri Egils, þótt ég væri farin að öskra heima í stofu af ergelsi vopnuð skúr-ingamoppu.

Í þáttinn voru mætt Sóley Tómasdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Sigurður Kári og Jónína Bjartmarz. Jónína var sigurvegari þáttarins að því leyti að ég urraði ekki af reiði með moppuna á lofti á meðan hún talaði.

Ég lít á mig sem feminista þótt ég sé ekki jafn róttæk og öflug Sóley. Ég vona samt að það sé ekki orðið skilyrði að líta á allt klám sem ofbeldi til þess að fá að skarta nafnbótinni feministi.

Sigurður Kári og Guðmundur vöktu svo með mér ofboðslegan aulahröll þegar þeir flissuðu báðir vandræðalega þegar homma-

klám bar á góma. Um það gátu þeir ekkert sagt, svo afkáraleg virtist tilhugsunin um að hommar myndu horfa á klám vera fyrir þeim.

Ég skúraði blettinn við sjónvarpið brjálæðislega vel og má passa mig á því að hrasa ekki illa næst þegar ég kveiki á tækinu.

Þegar kvöldi tók hefði ég getað reynt að ná mér niður við sjónvarpið með því að horfa á rómantíska og innihaldslausa gamanmynd. Það gerði ég þó ekki heldur las ég blogg í gríð og erg með reiðitár á hvörmum. Mikið hugsaði ég oft með mér við lesturinn hvað fullyrðingin „fólk er fifl“ er sönn.

Eru fleiri sem elska að þjást við skjáinn í óskilgreindum kvalalosta? Næstu helgi ætla ég að vinna að því að ná blóðþrýstingnum niður og leita að félagasamtökum fólks sem hefur sömu þarfir og ég.



EKKI MISSA AF



▶ 22.20 The Unit STÖÐ 2



▶ 22.00 Confessions of a Dangerous Mind STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.30 Da Ali G Show SIRKUS



▶ 22.25 Draugasveitin RÚV



▶ 21.00 Innlit / útlit SKJÁREINN

SIJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Magga og furðudýrið

18.30 Kappflugíð í himingimnum

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Everwood (3:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.

20.55 Allra meina bót (8:8) (Bota mig) Sænsk gamanþáttaröð um hjón á fertugsaldri sem standa fyrir ýmsum námskeiðum á heimili sínu.

21.25 Norrænt hnossgæti (Smag på Norden) Í þættinum er farið með Rene Redzepi, eiganda veitingahússins Noma í Kaupmannahöfn, á lundaveiðir í Vestmannaeyjum með Sigurði Gíslasyni matreiðslumeistara á veitingahúsinu Vox.

22.00 Tiufréttir

▶ 22.25 Draugasveitin (6:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. Meðal leikenda eru Elaine Cassidy, Emma Fielding, Jonas Armstrong og James Weber-Brown.

23.15 Njónnadeildin (5:10) (Spooks) Breskur sakamálaflökkur um úrvallsveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones, Anna Chancellor, Nicola Walker og Raza Jaffrey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

00.10 Kastljós

00.45 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Invincible

08.00 Lóa og leyndarmálið (e)

10.00 One Fine Day

12.00 Just For Kicks

14.00 Lóa og leyndarmálið (e)

16.00 One Fine Day

18.00 Just For Kicks

20.00 Invincible

▶ 22.00 Confessions of a Dangerous Mind 2002. Bönnuð börnum.

00.00 Girl Fever Bönnuð börnum.

02.00 Narc

04.00 Confessions of a Dangerous Mind



07.20 Grallararnir

07.40 Tasmania

08.00 Oprah

08.45 Í fínu formi 2005

09.00 Bold and the Beautiful

09.20 Forboðin feður

10.05 Amazing Race (4:14)

10.50 Whose Line Is it Anyway?

11.15 Sisters (2:7) (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Homefront

13.55 Las Vegas (6:23)

14.35 What Not To Wear (1:5)

15.35 Whose Line Is it Anyway? 4

15.55 Horance og Tína

16.20 Shin Chan

16.40 Myrkfælnu draugarnir (e)

16.55 Tasmania

17.15 Músti

17.20 Bold and the Beautiful

17.45 Nágrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður

19.40 The Simpsons (13:22)

20.05 The Apprentice (3:15)

20.50 Prison Break (18:22)

21.35 Shark (9:22)

▶ 22.20 The Unit (10:13)

23.05 Twenty Four (7:24)

Í kvöld reynir á fjölskylduhollustu Jacks og Morris fær slæmar fréttir um ættingja sinn. Stranglega bönnuð börnum.

23.50 Nip/Tuck (9:15)

Stranglega bönnuð börnum.

00.40 Cold Case (8:24)

Í kvöld hefst leit að stúlku sem hvarf árið 1975 en nýlega fannst bréf sem hún hafði skrifað eftir að hún hvarf. Bönnuð börnum.

01.25 Dickie Roberts. Former Child Star

03.00 Murder Investigation Team

03.50 Murder Investigation Team (2:4)

05.00 The Simpsons (13:22) (e)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld

20.00 Entertainment Tonight

Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldursþópum.

▶ 20.30 Da Ali G Show

Hinn eitruharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.

21.00 American Dad 3

21.30 Gene Simmons. Family Jewels

22.00 The Nine

22.50 Twenty Four - 2 (19:24)

Sérþjálfaðir hermenn eru á eftir Jack þar sem hann er með gögn undir höndum sem þeir vilja ekki að gerð verði opinber. Loks kemst upp um samsærið meðal starfsmanna Palmers. Michele gefur skýringu á spennunni á milli hennar og Carrie. Stranglega bönnuð börnum.

23.40 Insider

Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendumir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfðu öllum aldursþópum.

00.05 Janice Dickinson Modeling Age (e)

01.00 Entertainment Tonight (e)

01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Melrose Place (e)

10.30 Óstöðvandi tónlist

14.45 Vörutorg

15.45 One Tree Hill (e)

16.45 Beverly Hills 90210

17.30 Melrose Place

18.15 Rachael Ray

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Snocross

20.00 Skólahreysti (6:10)

Grunnskólakæppni í fitnessþrautum.

▶ 21.00 Innlit / útlit

Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

22.00 Close to Home (15:22)

Lögfræðidrama af bestu gerð.

22.50 Everybody Loves Raymond

23.15 Jay Leno

00.05 Heroes (e)

Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.

01.05 Jericho (e)

01.55 Vörutorg

02.55 Beverly Hills 90210 (e)

03.40 Melrose Place (e)

04.25 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

07.00 Að leikslokum (e)

14.00 Bolton - Blackburn (frá 4. mars)

16.00 Juventus - Piacenza (frá 4. mars)

18.00 Pramuskot (e)

19.00 Að leikslokum (e)

20.00 Arsenal - Reading (frá 3. mars)

22.00 Ítölsku mörkin

23.00 Portsmouth - Chelsea (frá 3. mars)

01.00 Dagskrárlok

FORSETI BANDARÍKJANNA VILL HANN FEIGAN!



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Í KVÖLD

THE APPRENTICE - kl. 20:05

▶ PRISON BREAK - kl. 20:50

SHARK - kl. 21:35



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Prison Break

Spennan heldur áfram í Prison Break en flóttinn gengur ekki jafn vel og fangarnir vonuðust til. Þeir eru hundeltír af æðstu valdamönnum sem verða ekki í rónni fyrr en búið er að koma strokuföngunum aftur á bak við lás og slá. Í þætti kvöldsins verða bræðurnir Michael og Lincoln, með aðstoð Söruh, sér úti um sönnunargögn sem ættu að afhjúpa stóra samsærið, meiri háttar misferli og spillingu sem Bandaríkjaforseti stendur á bak við.



Við mælum með Everwood Sjónvarpið kl. 20.10

Nú eru að hefjast sýningar á nýrri 22 þátta sýrpu úr bandarísku þáttaröðinni Everwood. Í þáttunum segir frá heilaskurðlækninum Andrew Brown sem er ekkjumaður og fluttist með tvö börn sín frá Manhattan til smábæjarins Everwood í Colorado. Í Everwood ræður iðaldsemin ríkjum á öllum sviðum og þegar læknirinn og börn hans kynnst bæjarbúum gerast ýmis ævintýri en einnig koma upp vandamál sem þarf að leysa. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley, John Beasley og Vivien Cardone.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45	Veðurfregnir	06.50	Bæn	07.00	15.03	Orð skulu standa	
Fréttir	07.05	Morgunvaktin	09.00	Fréttir	16.13	Hlaupanótan	
09.05	Laufskálinn	09.45	Morgunleikfimi	17.03	Viðsjá	17.03	Kvöldfréttir
10.00	Fréttir	10.13	Heima er best	11.00	Fréttir	18.25	Spegillinn
11.03	Samfélagið í nærmynd	12.00	Fréttayfirlit	12.20	Hádegisfréttir	19.00	Vítinn
12.45	Veðurfregnir	12.50	Dánarfregnir og auglýsingar	13.00	Vitt og breitt	19.30	Laufskálinn
14.00	Fréttir	14.03	Útvarpsagan: Snorrabraut 7	14.30	Seiður og hélog	20.10	Masada virkið
15.00	Fréttir	15.00	Fréttir	20.50	Í heyranda hljóði	22.00	Fréttir
				22.10	Veðurfregnir	22.15	Lestur Passíusálma
				22.21	Lóðrétt eða lárétt	23.10	Fimm fjórðu
				00.00	Fréttir	00.00	Fréttir
				00.10	Útvarpað á samtengdum rásum		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 15.55 Coca Cola deildin (Preston - Southampton)
- 17.35 PGA Tour 2007 - Highlights (Honda Classic)
- 18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttar þáttur
- 19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun
- 19.30 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - Barcelona) Bein útsending frá síðari leik Liverpool og Barcelona í Meistaradeild Evrópu í knattspynu.
- 21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 22.10 Meistaradeild Evrópu (Chelsea - Porto) Útsending frá síðari leik Chelsea og Porto í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
- 00.00 Meistaradeild Evrópu (Valencia - Inter) Útsending frá síðari leik Valencia og Inter Milan í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
- 01.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Peter Pedal 6.30 Bella, Boris og Berta 7.00 Magnus og Myggen 7.15 Rubbadubbets 7.30 Rabatten 8.00 Italienske fristelser 8.30 Deadline 2. Sektion 9.00 Jersild & Spin 9.30 Attention Mobning 10.00 DR-Derude i "Den Kongelige Have" 10.30 Vagn hos kiwieme 11.00 TV Avisen 11.10 Horisont 11.35 Grøn glæde 12.00 Ud i det blå 12.25 Aftenshowet 13.20 Arbejdsliv - find et job 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Flemmings Helte 15.15 SPAM 15.30 Shin Chan 15.35 Ninja Turtles 16.00 SportsNørd 16.30 Lille Nørd 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd 19.00 Hammerslag 19.30 Sporløs 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Hvor kragerne vender 21.45 Columbo 22.55 Velkommen hos familien Rozes

NK1

8.30 Viten om 9.00 Siste nytt 9.05 Puls 9.30 Faktor: Kommer du til å dø, mamma? 10.00 Siste nytt 10.05 Oddasat - Nyheter på samisk 10.20 Distriktsheter 10.40 Fra Nordland 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsheter 11.20 Fra Mre og Romsdal 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 VM fristil 2007 13.00 Siste nytt 13.05 VM fristil 2007 13.40 Distriktsheter 14.00 Siste nytt 14.05 Lyoko 14.30 Duck Dodgers 15.00 Siste nytt 15.03 Dracula junior 15.30 Liga 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Jan i naturen 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Konrad katt 17.10 Vennene på Solflækken 17.25 Gubben og Katten 17.40 Distriktsheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen: Luftknig 19.25 Kroppen 19.55 Distriktsheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extra-trekning 21.50 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Kulturnytt 22.20 Utsyn: I krig med Taliban 23.10 4+4-2: Bakrommet: Fotballmagasin 23.40 David Clayton-Thomas fra Montreal jazzfestival

SVT 1

8.30 När gräsrotterna tar över 9.00 Skollfront 9.30 Veterantv 10.00 Vetenskap - DNA 10.30 Livet & hälsan 11.00 Rapport 11.05 Djur med känsla för fara 13.40 En melodi om våren 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Extra 16.25 Born Wild 16.30 Krokmax 17.00 Lilla blå draken 17.10 Djurbebisar 17.15 Dra mig baklänges 17.30 Allt och lite till 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Grand Prix 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Höök 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Orkesterliv 22.50 Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige

Heilsu vika
5.-10. mars
allir fiskiréttir á aðeins
799 kr/kg
ef þú sækir*



Það sést hverjir drekka Kristal



Nú er opið alla laugardaga!
 - frá klukkan 11:00 til 17:00

***við sendum ekki**

Nú er tíminn til að prófa nokkra af okkar gómsætu fiskréttum



Ævintýrlegar fiskbúðir

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Þetta er mjög árstíðabundið en það sem mér dettur alltaf í hug er að fá mér „zinger twister“ og þrjá „hot wings“ með á KFC. Það er klárlega númer eitt.“
Svali, dagskrárstjóri FM 957 og einn af stjórnendum Zúúber.

Bubbi Morthens þjarmar að tónlist.is

„Í raun og veru er allt í góðu á milli okkar og Bubba. Í lok apríl munum við opna nýjan vef, Tónlist punktur is, og þá mun Bubbi detta inn öflugri en nokkru sinni fyrr,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri vefjarins tonlist.is.

Bubbi Morthens, konungur hins íslenska rokks, gerði sér lítið fyrir og dró alla sína tónlist þá sem gefin hefur verið út á sólóplötum sínum út af tonlist.is.

„Bubbi er „rebell“ og

STEFÁN HJÖRLEIFSSON Saknar Bubba en býst við honum aftur eftir tvo mánuði.

trúr sínu eðli,“ segir Eiður Arnarson, útgáfustjóri íslenskrar tónlistar hjá Senu, sem gefur tónlist Bubba út. Eiður segir Bubba í fullum rétti til þess. Kröfur Bubba lúta að verðlagningu á sölu tónlistar á efnum. Þar er ekki gert ráð fyrir mismunandi

EIÐUR ARNARSON Bubbi er að knýja á um breytingar.

verðlagningu og ný og áður óútefning tónlist selst á því sama og gamlar lummur.

„Fyrst ekki var hægt að verða við þeim nauðsynlegu breytingum strax var ákveðið að kippa allri tónlist Bubba út en hún mun koma inn um leið og breytingar hafa verið gerðar. Bubbi hugsar þetta til að flýta fyrir breytingum,“ segir Eiður.

Stefán vill ekki gera mikið úr þessu fremur en Eiður. Segir

vefinn verða mikið breyttan í lok apríl með áður óþekktum eiginleikum og þjónustan mikið endurbætt.

„Þá mun kóngurinn leika stórt hlutverk þar inni. En við verðum Bubbalaus að mestu leyti í einn eða tvo mánuði. Við berum mikla virðingu fyrir honum, söknum hans eins og aðrir en hlökkum til þegar hann kemur inn á ný.“

BUBBI MORTHENS Hefur kippt allri sóló-tónlist sinni út af tónlist.is



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 dó 6 golf áhald 8 borða 9 hljóðfæri 11 gat 12 dúrtur 14 trufla 16 rás 17 niður 18 fát 20 guð 21 auma.

LÓÐRÉTT

1 mikill 3 tveir eins 4 fugl 5 ósigur 7 skraut 10 hljóma 13 suss 15 einkenni 16 þjálfar 19 2000.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 stór, 2 í, 3 í, 4 storkur, 5 súd, 6 í, 7 í, 8 í, 9 óbó, 10 í, 11 í, 12 í, 13 í, 14 í, 15 í, 16 í, 17 í, 18 í, 19 í, 20 í, 21 í.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Ásgrím Jónsson.
- 2 Martin Jørgensen.
- 3 Á Miðnesheiði.

LEONARDO DICAPRIO: LENDIR Á ÍSLANDI Í DAG

DiCaprio í myndatöku fyrir Vanity Fair á Íslandi

Bandaríski stórleikarinn Leonardo DiCaprio lendir á Íslandi í dag ásamt ljósmyndara og starfsfólki frá bandaríska glanstímaritinu Vanity Fair. Ætlunin er að taka myndir af leikaranum fyrir forsíðuviðtal sem birtist við DiCaprio á síðum blaðsins. Skammt er því á milli komu stórstjarna hingað enda ekki langt síðan Jude Law hreiðaði um sig á 101 hótél ásamt fjölskyldu sinni.

Framleiðslufyrirtækið True North aðstoðar tókuliðið og DiCaprio meðan það dvelst hér á landi en Finnur Jóhannsson, framleiðandi hjá True North, vildi ekkert tjá sig um málið, sagði fyrir tækið ekki upplýsa um komur stórstjarna til landsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður farið með leikarann upp á Snæfellsjökul og verður hann bróðurpartinn af dvöl sinni úti á landi. DiCaprio verður á landinu í nokkra daga og gefur sér örugglega tíma til að skoða helstu kennileiti landsins.

Stjarna DiCaprio hefur sjaldan eða aldrei skinið jafn skært og um þessar mundir. Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrr á þessu ári fyrir leik sinn í Blood Diamond og lék jafnframt aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Departed sem hlaut styttna góðu í flokknum besta myndin. Vafalítið hefur hann þar fengið að heyra góða hluti frá mót-leikara sínum Ray Win-



LEONARDO DICAPRIO Er ein stærsta kvikmyndastjarna allra tíma og lék aðalhlutverkin í kvikmyndunum The Departed og Blood Diamond. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

stone sem kom hingað til lands í fyrra og lét vel af. DiCaprio hefur verið hirðleikari bandaríska þungavitarleikstjórans Martin Scorsese og leikið í kvikmyndum hans Gangs of New York og The Aviator auk áður nefndrar The Departed en reiknað er með að leikarinn taki að sér hlutverk Theodore Roosevelt í næstu kvikmynd leikstjórans.

DiCaprio vakti fyrst athygli á hvíta tjaldinu í hlutverki hans þroskahefta Arnie Grape í kvikmyndinni What's Eating Gilbert Grape og hlaut meðal annars tilnefningu

til Óskarsverðlauna árið 1994 en fram að því hafði hann leikið eitt aðalhlutverkanna í sjónvarpsþáttunum Vaxtarverkjum eða Growing Pains. DiCaprio var þó ekki spáð miklum frama þegar unglingsárin yrðu að baki en þær gagnrýnisráddir þögnuðu fljótlega þegar stórslysamyndin Titanic varð einhver stærsti smellur kvikmynda-sögunnar. Myndin rakaði inn Óskarsverðlaunum en það var fyrir tilstilli leikstjórans James Cameron að DiCaprio var valinn. Myndin tryggði honum sess meðal stærstu stjarna Hollywood og í dag eru fáir leikarar sem trekkja jafnmarga gesti að í kvikmyndahúsum.

freyrgjiga@frettabladid.is

FINNUR JÓHANSSON Hjá True North vildu menn ekkert tjá sig um komu Leonardo DiCaprio en fyrir tækið aðstoðar tókuliði frá glanstímaritinu Vanity Fair.



Íslendingar skilja ekki teppi

„Að Íslendingar skilji ekki teppi? Nei, þeir gera það nú sennilega ekki. Og svo sem enginn móðgaður yfir því. En þau fóru langt undir matsverði,“ segir Tryggi Páll Friðriksson í Gallerí Fold.

Metaðsókn var á uppboði sem Fold stóð fyrir í Súlnasal Hótel Sögu á sunnudag. Og er Tryggi Páll mjög ánægður með uppboðið í heild sinni. Metupphæð fékkst fyrir vatnslitaverk eftir Ásgrím Jónsson, eða 8,9 milljónir sem

leggur sig á rúmar tíu milljónir með gjöldum. Og málverk eftir Þorvald Skúlason var slegið á 6,5 milljónir. Tryggi er sæll og glaður með hvernig til tókst og segir þetta staðfesta nokkurn uppgang í listmunasölu hér á landi.

En það er þetta með teppin. Á uppboðinu voru boðin upp níu teppi, handofin, og voru þau flest metin í uppboðsskrá á um 400 þúsund. En þau voru slegin langt undir því verði. Fóru á að meðaltali hundrað þúsund krónur. Tryggi segir ljóst að einhverjir hafi þarna gert afar góð kaup. „Menn voru að gera þarna góð teppakaup. En ég er bara ánægður með að hafa komið þessu út. Okkar hlutverk er að selja þetta.“ Og uppboðshaldarinn og galleríeigandinn bendir á að ekki sé nema eitt rétt verð og

það er markaðsverð hverju sinni.

Að sögn Tryggva þykja teppi á borð við þau sem boðin voru upp í Súlnasalnum munaðarvara hvarvetna í víðri veröld.

„Það verður að segjast eins og er. Ég hef kynnt mér þetta af áhuga og þá hefur verið á þessu teppadóti alltaf verið miklu herra en við höfum getað útvegað okkur þau á hér. Þetta eru ofsalega finir hlutir. Handofnir. Þetta er flott, þú gengur á þessu endalaust og ekki sést á þessu.“

Tryggi fór á kostum á uppboðinu, sagði sögur, brandara og lék við hvurn sinn fingur. Sagði að það tæki eitt ár að gera handofin teppi sem þessi. Og lofaði tvö hundruð ára ábyrgð.

TRYGGVI Í FOLD Sennilega er það svo að Íslendingar skilja ekki teppi.



ÁSGRÍMUR FYRIR METUPPHÆÐ Þessi gersemi, vatnslitamynd eftir einhvern besta vatnslitamálara Norðurlanda í sinni tíð, var slegin á 8,9 milljónir.

„Þetta er óhemju vinna. Ofið í þessum fjallaherúðum, Indlandi og Kína, og fátækt fólk sem vefur þetta. Ákveðnar hefðir og ákveðin mynstur fylgir ættbálkum og tilteknum herúðum. Menn komast ekki áfram með svona teppi nema nokkra sentimetra á dag,“ segir Tryggi en sýtir svo sem ekki áhugaleysi uppboðsgesta á teppunum.

-jbg



HANDOFID TEPPI FRÁ PAKISTAN Svipað þeim teppum sem Tryggi var að bjóða upp við dræmar undirtekir.



Hvað er að fréttu?



Fréttir af fólki

www.visir.is

visir

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FordFocus



Nýtt tákni um gæði

Kauptu í dag Ford Focus Ambiente 1,6i 5 dyra 5 gíra

2.080.000 kr.*

Nýtt tákni um meira en gæði

Veldu Ford Focus Nýtt tákni um lífsgæði

Hönnun bíla á að vera gegnheil og í takt við nútíma hugmyndir fólks um betri lífsgæði. Lág bilanatíðni er ekki lengur, ein og sér, tákni um gæði bíla. Nútímafólk vill meira. Nýja hönnunin skal vera ekta - einlæg - og sameina gagnsemi, vistmildi og vestræna formfegurð. Vertu í hópi þeirra bestu. Vertu ekta. Veldu Ford.

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægann vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Reynsluaktu Ford Focus. Ekta hönnun Ford Focus: Þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri akstureiginleika og meira öryggi. Þú færð meira rými. Þú færð betra verð. Vertu genuine. Veldu Ford Focus.

Spurðu hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar merkir. Reynsluaktu Ford Focus.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDUR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Celeb

Loks hefur það ræst sem marga grunaði: Angeline Jolie vill eignast eitt barn í viðbót við þau þrjú sem hún á fyrir. Það virðist ekki meira en vika síðan hún var ólétt, í gær var hún í flóttamanna-búðum í Súdan og í dag er hún sem sagt komin til Víetnam til að ættleiða fjórða barnið. Röskari manneskja er vandfundin.

BEYONCÉ er ekki með lifrabólgu A, hjúkk! Ég var farin að óttast það versta. Frú Beckham er næstum búin að finna skóla fyrir syni sína þrjá, best líst henni á einn kaþólskan. Úr því litli drengurinn hennar er flogaveikur er eins gott að hún vandi valið. Britney er náttúrulega líka eitt-hvað lasin að raka svona hárið af sér, sennilega þjáist hún af fæðingarpunglyndi eins og hún lætur. Eins gott að Katie Holmes fékk það ekki, Tom hefði örugglega orðið fyrir svakalegum vonbrigðum! Annars fréttist að Britney sé í rosalega góðum málum núna en líka að hún sé í rosalega vondum málum. Þau Kevin eru kannski bara farin að digga saman aftur, enda hefur hann lýst ást sinni á henni og sagður sá eini sem hefur staðið við bakið á henni. Sumir hafa hann samt enn grunaðan um að vera bara á eftir peningum og frægð. Sem var einmitt það sem Önnu Nichole Smith hlotnaðist, hið síðarnefnda einkum eftir dauðann. Lögfræðingurinn og mamman hafa líka orðið fræg af opinberum rifrildum um barnið og líkið. Hver fékk líkið? Hver fær barnið?

SÚ var tíð að ég las í það minnsta tvær bækur á viku, allt frá sorpi að fagurbókmenntum og fræðiritum. Með barnafjöld, annríki og síauknum athyglisbresti hefur raunverulegur lestur orðið æ sjaldgæfari en viðvarandi þörf svalað í daglegri dagblaðahrúgu. Fljótlegustu fréttirnar eru oftast af fræga fólkinu sem margt er einmitt frægt fyrir að vera í fréttum. Nauðug viljug veit ég allt um ferðir Lindsay Lohan inn og út af meðferðarstofnunum, djamm-túra Parisar Hilton og ástamál fólks sem ég hef ekki snefil af áhuga á.

AÐ vera betur að sér í persónulegu brasi fræga fólksins en ættingja og vina sem enginn tími er til að sinna, bendir ekki til þess að maður hafi alveg höndlað upplýsingatæknina. Það verður spennandi að sjá hvort Angelina fær strák eða stelpu.

www.volkswagen.is



Takmarkað
magn bíla!

Polo lækkar um

100.000 kr.

Kostar nú frá 1.490.000 kr.



Fáanlegur
sjálfskiptur



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 - HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 - HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 - HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 - HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 - HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 - HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 - www.hekla.is, hekla@hekla.is

Pioneer
MED FULLKOMNA FORYSTU

PIONEER DCS-360
5,1 RÁSA HEIMABIÓKERFI

KAUPHLAUP:
Kr. 54.900
(Áður: Kr. 69.900)

SAMSUNG

SAMSUNG
LE32R71WX
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366:768
12,8M litir
Skerpa 5000

KAUPHLAUP:
Aðeins kr.
139.900,-
(Áður kr. 179.900,-)

„Best að æfa sig fyrir vorið“
"PICNIC TIME" ÞÚTT-SETT.
KAUPHLAUP: Kr. 2.490
(Áður: Kr. 3.590)

kaup

hlaup

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS

KOMDU Í KAUP.....!!